

Úrskurður
úrskurðarnefndar raforkumála
í máli nr. 6/2024,
kæra Furu ehf.
á ákvörðun Orkustofnunar

Þann 28. mars 2025 kvað úrskurðarnefnd raforkumála upp eftirfarandi úrskurð vegna kæru Furu ehf. (kærandi), dags. 9. september 2024, á ákvörðun Raforkueftirlits Orkustofnunar (ROE) nr. 3/2024, frá 13. ágúst 2024. Málið hefur fengið númerið 6/2024.

I. Kæruefni og kröfur aðila

Í máli þessu er kærð ákvörðun ROE nr. 3/2024, frá 13. ágúst 2024, vegna uppsagnar á tengisamningum um flutning rafmagns. Kærandi krefst þess að hin kærða ákvörðun verði felld úr gildi og breytt á þá leið að ógild verði uppsögn Landsnets og HS Veitna á tengisamningi við kæranda, og lagt fyrir Landsnet og HS Veitur að selja kæranda rafmagn með sömu kjörum og verið hafi samkvæmt samningum aðila frá 18. september 2019, allt þar til HS Veitur geti afhent rafmagn við lóðarmörk á starfssvæði kæranda. Einnig krefst kærandi þess að Landsneti verði gert skylt að kaupa tengibúnað kæranda og HS Veitum verði gert skylt að kaupa jarðstreng kæranda frá lóðarmörkum hans að tengivirkinu Hamranesi.

Af hálfu ROE er þess krafist að hin kærða ákvörðun verði staðfest.

Landsnet krefst þess að öllum kröfum kæranda verði hafnað og hin kærða ákvörðun staðfest.

HS Veitur krefjast þess að kröfum kæranda sé hafnað og benda á að í samkomulaginu sé kveðið á um að mál sem kunni að rísa vegna þess skuli reka fyrir héraðsdómi.

II. Málsatvik

Ágreiningur máls þessa snýr að uppsögnum tveggja samninga, annars vegar samnings Landsnets og HS Veitna um leigu á búnaði vegna raforkuafhendingar og hins vegar samkomulags HS Veitna og kæranda um tengingu stáltætara við dreifikerfi HS Veitna. Kærandi telur umræddar uppsagnir ólögmatar og krefst ógildingar þeirra. Með hinni kærðu ákvörðun staðfesti ROE að uppsagnirnar hafi ekki brotið í bága við raforkulög svo og að kröfu kæranda um að kaupskyldu Landsnets á tengibúnaði kæranda og HS Veitna á jarðstreng hans, sé hafnað.

III. Málsástæður og rök kæranda

Kærandi krefst þess að hinni kærðu ákvörðun verði hnekkt og breytt á þá leið að ógilda annars vegar uppsögn Landsnets á tengisamningi við HS Veitur, dags. 18. september 2019, vegna leigu á búnaði og aðstöðu til raforkuafhendingar HS Veitna til kæranda, sbr. uppsagnarbréf dags. 31. ágúst 2023, og hins vegar uppsögn HS Veitna á tengisamningi við kæranda, sbr. samkomulag félaganna 18. september 2019, vegna dreifingar á raforku til kæranda, sbr. uppsagnarbréf dags. 22. september 2023. Kærandi krefst þess einnig að hinni kærðu ákvörðun verði breytt á þá leið að lagt verði fyrir Landsnet og HS Veitur að selja kæranda rafmagn með sömu kjörum og greini í tilvitnuðum samningum aðila frá 18. september 2019, allt þar til HS Veitur geti afhent rafmagn við lóðarmörk á starfssvæði kæranda, svo og að Landsneti verði gert skylt að kaupa tengibúnað kæranda sem varði tengingar við tengivirki Landsnets, miðað við búnaðinn upp settan við tengivirkið og áður en búnaðurinn hafi verið fjarlægður, eins og kveðið

hafi verið á um í samkomulagi HS Veitna og kæranda þann 18. september 2019. Loks krefst kærandi þess að HS Veitum verði gert skylt að kaupa jarðstreng hans frá lóðarmörkum að tengivirkinu Hamranesi.

Í kæru kemur fram að kröfugerð kæranda lúti annars vegar að því að ógilda uppsögn Landsnets og HS Veitna á samningum um raforkuflutning til kæranda, og hins vegar að því að Landsnet og/eða HS Veitur kaupi þær eignir kæranda sem falli undir einkaleyfi téðra félaga til flutnings og dreifingar á starfssvæði kæranda.

Kröfugerð kæranda lúti ekki að því að fella úr gildi einkaréttarlega samninga um raforkusölu til kæranda, heldur sé þess krafist að ROE felli uppsagnir tengisamninganna úr gildi. Samkvæmt 3. gr. raforkulaga fari ROE með framkvæmd og eftirlit samkvæmt ákvæðum laganna. Um eftirlit og úrræði Orkustofnunar og ROE fari samkvæmt ákvæðum VII. kafla laganna. Um tengiskyldu Landsnets og HS Veitna sé kveðið á um í 3. mgr. 9. gr. og 3. mgr. 16. gr. raforkulaga. Af ákvæðum 24. gr., 25. gr. og 26. gr. raforkulaga telur kærandi að ráða megi að ROE hafi vald til þess að bregðast við ef tengiskylda sé ekki virt af hálfu Landsnets og HS Veitna gagnvart almennum notanda. Af því er varði kröfu um að eignir kæranda séu keyptar þá liggi fyrir að samkvæmt raforkulögum, sé öðrum en flutningsfyrirtæki eða dreifiveitu óheimilt að eiga raforkukerfi innan sérleyfisvæða, sbr. 10. gr. og 16. gr. Kærandi telur því að ROE hafi valdheimild til þess að kveða á um hvort kaupskylda Landsnets eða HS Veitna sé fyrir hendi gagnvart kæranda um það sem telja megi vera hluta af raforkukerfi þessara félaga.

Kærandi rekur málavexti á þá leið að þann 18. september 2019, hafi kærandi og HS Veitur gert samkomulag um tengingu kæranda (stáltætara) við dreifikerfi HS Veitna, með fulltingi Landsnets. Kærandi telur samninginn vera tengisamning samkvæmt efni sínu og þar segi að tætarinn á starfsstöð kæranda hafi verið tengdur á 22kV spennni beint við tengivirki Landsnets í Hamarsnesi og þar hafi kærandi átt og rekið 30MVA spennni, 132/22kv. Sé kveðið á um að það fyrirkomulag sé viðhaft því HS Veitur hafi ekki yfir að ráða tæknilegri getu til að tengja stáltætarann við dreifikerfi sitt. Kærandi kveður engan ágreining vera um að þetta tengisfyrirkomulag sé í samræmi við raforkulög.

Um árábil hafi verið ágreiningur milli kæranda og Landsnets um hvort kærandi gæti tengst beinni tengingu við Landsnet, svo sem verið hafði við Landsvirkjun fyrir gildistöku núgildandi raforkulaga nr. 65/2003, og við Landsnet frá gildistöku laganna með óbreyttu sniði allt til ársins 2009. Landsneti hafi verið gert að segja upp tengingunni á þeirri forsendu að raforkusala til kæranda uppfyllti ekki ákvæði raforkulaga um sölu til stórnotenda. Með dómi Hæstaréttar árið 2016, hafi verið staðfest að kærandi ætti ekki rétt á að kaupa raforku milliliðalaust af Landsneti. Samkvæmt sérleyfisákvæðum raforkulaga hafi HS Veitur einkarétt á að dreifa raforku á athafnasvæði kæranda.

Frá dómi Hæstaréttar hafi ágreiningur verið milli kæranda, Landsnets og HS Veitna um hvernig dreifa skyldi afli til kæranda, og þá einkum með hvaða hætti jarðstrengur í eigu kæranda og tilheyrandi tengibúnaður í Hamranesi skyldi nýtast við framtíðardreifingu raforku til hans. Að mati kæranda hafi samkomulagið verið framtíðarlausn á dreifingu rafmagns til hans enda hafi falist í því málamiðlun á ágreiningi sem staðið hafði yfir áralangt.

Snemma árs 2019, hafi kærandi fengið þau skilaboð í gegnum HS Veitur að vilji væri til að semja við kæranda um framtíðarfyrirkomulag á tengingu hans með áframhaldandi aðkomu Landsnets, eins og verið hafði. Landsnet hafi þó sett það sem skilyrði að kærandi félli frá notkun á 132 kV rofanum í Hamranesi og féllist þess í stað á að tengjast 11kV rofa sem settur yrði sérstaklega upp af Landsneti í tengslum við gerð samningsins. HS Veitur hafi lýst yfir skorti á tæknigetu til þess að tengja kæranda beint inn á dreifikerfi sitt án þess að það kynni að valda öðrum notendum truflunum. Jafnframt hafi falist í orðunum að HS Veitur tækju á sig þann

kostnað sem fylgdi því að koma dreifikerfinu í slíkt ástand. Ella hefði að mati kæranda verið kveðið á um skyldur hans í þeim efnum.

Samningurinn hafi borið með sér að HS Veitur hafi gert leigusamning við Landsnet, beinlínis til að geta tengt kæranda inn á sitt dreifikerfi. Sá leigusamningur hafi borið yfirskriftina samningur „um leigu á búnaði vegna raforkuafhendingar“ og kveður á um að HS Veitur „taki á leigu hluta af aðstöðu leigusala“ og að jafnframt sé tekinn „á leigu búnaður til raforkuafhendingar í eigu leigusala í húsnæði leigusala“, sbr. nánari tilgreiningu í viðauka 1 í samningnum. Í viðaukanum sé kveðið á um áætlaðan kostnað „vegna breytinga á tengingu Furu“.

Í leigusamningi Landsnets og HS Veitna segi að hann sé ótímabundinn en uppsegjanlegur með 18 mánaða fyrirvara. HS Veitur hafi ekki upplýst kæranda um uppsagnarákvæði leigusamningsins og sé hvergi vikið að því í samkomulaginu frá 18. september 2019. Ekkert í samningnum beri með sér að honum sé ætlað að vara til skamms tíma eða til bráðabirgða vegna tiltekins skilgreinds ástands. Samkvæmt samningi kæranda og HS Veitna skyldi Landsnet og HS Veitur taka þann kostnað á sig sem hlytist hafi af breytingunni við að taka niður spenna og búnað kæranda. Bersýnilegt hafi því verið að bæði Landsnet og HS Veitur hafi talið eftirsóknarvert að koma þessari breytingu á, sem hafi falið í sér að samningsbundinn og áratugalöng not kæranda á 132kV rofa í Hamarsnesi hafi verið gefin eftir.

Bersýnilegt hafi verið af orðalagi samningsins að honum hafði verið ætlað að leggja varanlegan grundvöll að dreifingu raforku til stálbræðslustarfsemi kæranda í samræmi við þarfir hans til lengri framtíðar. Komi einnig fram fyrirvaralaus yfirlýsing HS Veitna um að tryggja kæranda viðbótarafli, komi til verulegrar aukningar á aflþörf kæranda. Með slíkri stækkun yrði kærandi í reynd stórnotandi með þeim rétti að geta keypt raforku beint í gegnum flutningskerfi Landsnets. Þessi yfirlýsing hafi vakið þá trú hjá kæranda að samningurinn fæli í sér tengisamning til framtíðar með möguleika á verulegum vexti hans með sama fyrirkomulagi.

Landsnet og HS Veitur hafi þekkt aflþörf, kosti og galla raforkunotkunar kæranda og verði því að ætla að á þeim grundvelli hafi verið lögð til þessi tilhögun á dreifingu raforku til kæranda, sem félli að rekstrargetu Landsnets og HS Veitna.

Á grundvelli samkomulagsins hafi verið ráðist í tilgreindar breytingar í Hamranesi og á starfstöð kæranda af hálfu Landsnets og HS Veitna, og á þeirra kostaði eins og samkomulagið hafi kveðið á um.

Uppsögn á tengisamningi kæranda og HS Veitna eigi sér þann aðdraganda að þann 31. ágúst 2023, hafi Landsnet sent tölvupóst til HS Veitna um uppsögn á „leigusamningi vegna afhendingar í Hamranesi til Furu...“ *Í uppsagnabréfinu segi m.a. að „eðlilegast er að finna framtíðarlausn fyrir Furu og tengja viðskiptavin HS Veitna beint við dreifikerfið. Vegna ofangreindra atriða segir Landsnet upp samningi þessum með 18 mánaða fyrirvara eins og samningurinn kveður á um, eða frá og með 1. mars 2025“.*

Kæranda hafi hvorki verið kunnugt um að til stæði að segja upp umræddum samningi né hafði hann fengið kvartanir frá HS Veitum eða Landsneti um að aðrir notendur hefðu orðið fyrir truflunum af tengingunni við kæranda. Þá liggi fyrir að engin breyting hafi orðið á starfsemi kæranda á samningstímanum sem kynni að hafa skapað meiri sveiflur en hafi verið þekktar við samningsgerðina. Með tölvupósti þann 6. september 2023, hafi HS Veitur sent kæranda uppsagnabréf á tengisamningi aðila frá 18. september 2019, þar sem vísað hafi verið til uppsagnabréfs Landsnets. Í uppsagnabréfinu segi m.a. „Eins og fram kemur í samningi okkar, HS Veitna og Furu, rekur Fura stáltætara í starfstöð sinni að Hringhelli 3, í Hafnarfirði, sem ekki er hægt að tengja beint við dreifikerfi HS Veitna vegna mikilla straumsveiflna sem hann veldur. Af þessum sökum er ljóst að Fura verður að fara í nauðsynlegar framkvæmdir á búnaði

sínum, svo hægt sé að tengja fyrirtækið beint við dreifikerfið HS Veitna nú þegar Landsnet hefur sagt upp framangreindum samningi“. Af bréfi HS Veitna sé augljóst að ekkert hafi breyst hjá HS Veitum frá því sem verið hafi er samningurinn var gerður 2019 og sama ástandi komið á og verið hafi fyrir samningana 2019. HS Veitur telja sig nú ekki getað tengt kæranda við dreifikerfi sitt annars staðar en á núverandi afhendingarstað Landsnets í aðveitustöð í Hamranesi.

Loks segir kærandi „Ef að fallist væri á staðhæfingar Landsnets um að leigusamningurinn hefði verið gerður til bráðabirgða, það er til þess tíma að HS Veitur gætu tengt stáltætarann beint inn á sitt dreifikerfi, þá liggur fyrir að uppsögn Landsnets á leigusamningnum við HS Veitur er í andstöðu við þær forsendur fyrir leigusamningnum sem Landsnet nefnir sjálft í bréfi sínu 15. mars 2019, sökum þess að HS Veitur getur ekki nú tengt kæranda inn á dreifikerfið fremur en 2019. Uppsögn Landsnets á leigusamningnum var því tilefnislaus og í hreinni andstöðu við málalátibúnað Landsnets. Þá telur kærandi þá staðhæfingu HS Veitna um að kærandi valdi straumsveiflum ekki gilt tilefni fyrir HS Veitur að segja upp samkomulaginu enda lá vitneskja fyrir um það ástand þegar samkomulagið var gert, eins og þar er tilgreint. Þá hafi HS Veitur ekki sýnt fram á að eitthvað hafi breyst frá forsendum tengisamninganna 2019. Uppsagnir Landsnets og HS Veitna voru því framkvæmdar að geðþótta þessara félaga án þess að nokkuð nýtt hefði gerst í málefnum HS Veitna frá 2019, að því er varðar getu félagsins til að tengja kæranda inn á dreifikerfi sitt. Landsneti og HS Veitum var því í lofa lagið 2019 að krefjast þess af kæranda að hann uppfærði búnað sinn ef það var talið nauðsynlegt til að selja honum raforku. Ekkert liggur fyrir um að aðstæður hafi breyst svo að ekki sé unnt að viðhafja tengifyrirkomulagið frá 2019 áfram í gildi“.

Í ljósi þessa hafi kæranda verið nauðugur einn kostur að beina kvörtun til Orkustofnunar, þar sem kærandi hafi farið fram á annars vegar að Orkustofnun ógilti uppsögn Landsnets á samningi Landsnets og HS Veitna, og hins vegar ógilti uppsögn HS Veitna á tengisamningi við kæranda. Auk þess krafðist kærandi þess að Orkustofnun legði fyrir Landsnet og HS Veitur að selja kæranda rafmagn á sömu kjörum og kveðið hafi verið á um í samningum aðila frá 18. september 2019, allt þar til HS Veitur gætu afhent rafmagn við lóðamörk á starfssvæði kæranda. Að lokum hafi kærandi krafist þess annars vegar að Landsneti yrði gert skylt að kaupa tengibúnað kæranda og hins vegar að HS Veitum yrði skylt að kaupa jarðstreng ásamt búnaði kæranda frá lóðamörkum hans að tengivirkinu Hamranesi.

Málsástæður og lagrök kæranda

Í hinni kærðu ákvörðun komi fram að ekki liggi fyrir nein gögn um að kvartandi hafi sótt með formlegum hætti um að tengjast dreifikerfinu á grundvelli 1. tl. 3. mgr. 16. gr. raforkulaga og teljist kvartandi því nýr notandi í skilningi þess ákvæðis. Kærandi bendir á að í tilvísaðri lagagrein sé ekki kveðið á um að „sótt skuli með formlegum hætti um að tengjast dreifikerfi“ eins og ROE haldi ranglega fram, heldur sé þar kveðið efnislega á um tengiskyldu dreifiveitu gagnvart öllum sem sækist eftir því að tengjast henni. Kærandi telur lagatúlkun ROE því ekki eiga sér lagastoð.

Ákvæði 2. gr. reglugerðar nr. 1150/2019, um raforkuviðskipti og mælingar skilgreini tengisamning dreifiveitu og geri ákvæðið ráð fyrir að tengisamningar geti verið með ýmsum hætti, eftir atvikum. Við tengingu neysluveitu komist á tengisamningur milli dreifiveitu og almenns notanda, sbr. 7. gr. reglugerðarinnar. Í reglugerð nr. 1048/2004, um gæði raforku og afhendingaröryggi sé kveðið á um heimildir flutningsfyrirtækja, dreifiveitna og vinnslufyrirtækja til að gera samning við viðskipatvini sína um önnur afhendingargæði en þau sem tilgreind séu í reglum þessum. Kærandi telur að samkvæmt framangreindu hafi bæði flutningsfyrirtæki, dreifiveitur og notendur töluvert svigrúm til að semja sín á milli um raforkuflutning og -kaup. Hvergi sé kveðið á um „formlega umsókn um tengingu“ enda sé

hvergi kveðið á um að þær umsóknir skuli vera í sérstöku formi. Ályktun ROE um að formlega skuli sótt um tengingu sé því að mati kæranda rök- og merkingarleysa.

Fyrir liggi samningur kæranda og HS Veitna um raforkusölu til kæranda frá 18. september 2019 (tengisamningurinn 2019) og segi í honum að gert sé „samkomulag um tengingu Furu (stáltætara) við dreifikerfi HS Veitna í Hafnarfirði“. Með þessum samningi, á grundvelli samnings Landsnets og HS Veitna um leigu á búnaði í tengivirkinu að Hamranesi, hafi því komist á tenging kæranda við dreifikerfi HS Veitna. Sú samningsgerð hafi verið í samræmi við ákvæði raforkulaga um skyldur dreifiveitu til samningsgerðar, sbr. 1. tl. 3. mgr. 16. gr. raforkulaga, sem kveði á um að dreifiveitu sé skylt að tengja alla sem eftir því sækist við dreifikerfið enda uppfylli þeir tæknileg skilyrði fyrir því og greiði tengigjald sem skuli tilgreina í gjaldskrá. Ótvírætt sé því að mati kæranda að hann sé nú þegar tengdur við dreifikerfi HS Veitna, á grundvelli tengisamningsins 2019, með aðkomu Landsnets sem hafi leigt búnað til HS Veitna vegna tengingarinnar. Á grunni þessa tengisamnings hafi kærandi ráðist í umsamda niðurtöku á spennum o.fl. og hafi síðan greitt þau gjöld sem HS Veitur (og Landsnet) hafi gert honum að greiða. Hafi kærandi því greitt umsamið tengigjald fyrir þá tengingu sem komist hafi á með samningnum 2019.

Samkvæmt viðurkenndum lögskýringarsjónarmiðum verði að skýra skyldubundin lagaákvæði þröngt og eftir orðanna hljóðan. Af þeim ástæðum sé óheimilt að lesa úr 3. mgr. 9. gr. og 1. tl. 3. mgr. 16. gr. raforkulaga annað en þar standi skýrum stöfum um skyldu flutningsfyrirtækis og dreifiveitu til að tengja alla sem eftir því sækist. Af ákvæðinu verði gagnályktað að aðeins megi segja upp tengisamningi vegna vanskila, sbr. og 10. gr. reglugerðar nr. 1150/2019, þar sem aðeins sé kveðið á um uppsagnarheimild almenns notanda á raforkusamningi og 11. gr. sömu reglugerðar um skyldu til afhendingar raforku þegar vanskil séu greidd. Aðrar uppsagnarheimildir á raforkusamningi séu ekki fyrir hendi af hálfu Landsnets eða HS Veitna. Það skilyrði að notandi uppfylli ekki tæknileg skilyrði fyrir tengingu geti hvorki flutningsfyrirtæki né dreifiveita borið fyrir sig eftir að tengingu hafi verið komið á með samningi enda kveði 3. mgr. 9. gr. og 3. mgr. 16. gr. raforkulaga á um að aðeins sé heimilt að synja nýjum tengingum í undantekningartilfellum enda sé synjunin rökstudd, sem fyrr segi. Augljóst sé að tengisamningurinn 2019 geri ráð fyrir að kærandi uppfylli tæknileg skilyrði fyrir tengingunni. Kærandi sé ekki í vanskilum með greiðslu gjalda af tengisamningnum og sé því ljóst að mati kæranda að uppsögn HS Veitna styðjist ekki við framangreindar heimildir í reglugerð nr. 1150/2019. Sama gildi um samning Landsnets og HS Veitna. Niðurstaða ROE byggi því á röngum lagagrunni.

Þá byggi ROE á því að uppsagnir séu á „bráðabirgðafyrirkomulagi“ og það brjóti ekki gegn ákvæðum raforkulaga. Kærandi telur enga lagastoð vera fyrir þessari niðurstöðu ROE. Verði að líta til efnis samningsaðila og skyldu framangreindra félaga til að tengja þá sem um það biðja. ROE vísi ekki til lagaákvæða til stuðnings þessu í hinni kærðu ákvörðun enda kveði raforkulög ekki á um nein frávik frá tengiskyldu eða á um heimildir til að fella úr gildi samninga um tengingar sem komið hafi verið á, nema um vanskil sé að ræða.

Þá byggi ROE á því ólögmæta sjónarmiði að kærandi hafi notið góðs af bráðabirgðafyrirkomulagi sem verið hafi við lýði á grundvelli lögbundinnar tengiskyldu Landsnets og HS Veitna. Slíkur rökstuðningur sé ótækur enda sé hann bæði ómálefnalegur og hafi ekki lagastoð.

Því sé sömuleiðis haldið fram í hinni kærðu ákvörðun að kæranda hafi mátt vera ljóst að ekki væri um varanlegt fyrirkomulag að ræða og að kæranda hafi mátt vera kunnugt um uppsagnarákvæði í 5. gr. samnings Landsnets og HS Veitna. Kærandi mótmæli því alfarið sem röngu og ósönnuðu enda hafi kæranda ekki verið kunnugt um að samningur HS Veitna og Landsnets væri uppseggjanlegur fyrr en Landsnet hafi sagt tengisamningnum upp við HS Veitur.

Í samningi HS Veitna og kæranda frá 18. september 2019, sé hins vegar hvergi minnst á að tengingin skyldi vera til bráðabirgða enda sé ekki einu sinni kveðið á um uppsagnarheimild í samningnum. Kærandi hafi ekki fengið samning Landsnets og HS Veitna í hendur og ekkert liggi fyrir um að HS Veitur hafi kynnt uppsagnarákvæðið í þeim samningi fyrir kæranda.

Í grunninn snúist málið um lögmæti uppsagna á tveimur tengisamningum sem gerðir hafi verið í þágu kæranda. Hvorugur samninganna séu til bráðabirgða samkvæmt efni sínu og uppsagnarheimild sé aðeins að finna í samningnum milli Landsnets og HS Veitna. Í samningi Landsnets og HS Veitna segi að endurskoða skuli viðauka 1 á fimm ára fresti og jafnframt leigufjárhæðina. Viðauki 1 við samninginn kveði aðeins á um hvaða búnaður sé leigður og hvernig leigufjárhæðin skuli reiknast. Augljóst sé að mati kæranda að leigusamningurinn beri á engan hátt með sér annað en að um varanlegan langtímasamning sé um að ræða milli Landsnets og HS Veitna. ROE hafi því að mati kæranda verið óheimilt að líta til annarra gagna en samninganna sjálfra við mat á efnisatriðum þeirra, í samræmi við viðurkenndar lögskýringarreglur. Óskýrar staðhæfingar um „tímabundna bráðabirgðalausn“ í bréfum Landsnets áður en tengisamningarnir hafi verið gerðir, hafi ekkert gildi við skýringu samninganna enda hafi bæði Landsneti og HS Veitum verið í lófa lagið að kveða skýrlega á um það í samningunum að þeir hefðu bráðabirgðagildi og hvenær og við hvaða aðstæður mætti segja samningi Landsnets og HS Veitna upp, og endurspegla það í tengisamningi HS Veitna og kæranda. Landsnet og HS Veitur staðhæfi eftir uppsögnina að samningarnir skyldu gilda þar til HS Veitur gæti tengt kæranda inn á sitt kerfi. Í tengisamningunum og undanfarandi bréfum Landsnets og HS Veitna sé þó engin tilraun gerð til þess að skilgreina tæknilega útfærslu á tengingu stáltætara kæranda inn á dreifiveitu HS Veitna, eða tímamark þess ef því hafi verið að skipta sem þeim hafi verið í lófa lagið að gera. Af samningi HS Veitna og kæranda megi beinlínis ráða að það sé HS Veitna að uppfæra sinn búnað þannig að tenging stáltætans beint við dreifikerfið valdi ekki truflunum hjá öðrum notendum.

Gerð sé krafa til þess að kærandi leggi fram beiðni um nýjan tengisamning í fullkominni óvissu um það hvort HS Veitur muni samþykkja slíka beiðni og án tillits til hvernig og með hvaða tilkostnaði hin nýja tenging sem kæranda sé ætlað að sækja um skuli vera inn á dreifikerfi HS Veitna. Kærandi sem almennur notandi með gildan tengisamning eigi ekki að þola að vera settur í þá stöðu að vera sviptur þeim tengisamningi og gert að sækja, eins og hver annar aðili án tengisamnings, um nýja tengingu til sömu orkunotkunar og gildandi tengisamningur kveði á um, eigandi á hættu synjun um tengingu. Slíkt myndi augljóslega valda kæranda verulegu fjárhagstjóni.

Í raforkulögum sé kveðið á um tengiskyldu flutningsfyrirtækis og dreifiveitu gagnvart notendum. Engin ákvæði séu í lögum um bráðabirgðatengingar eða uppsagnarheimild þessara fyrirtækja á virkum tengisamningum nema ef vanskil á greiðslum séu til staðar og skuli tenging veitt að nýju strax eftir að greiðsla berist. Röksemdir ROE um að heimilt hafi verið að segja samningunum upp til tjóns fyrir kæranda fari gegn raforkulögum. Þá fjalli ROE í hinni kærðu ákvörðun ekkert um það hvort HS Veitur hafi getu til þess að tengja kæranda beint inn á sitt dreifikerfi eins og fram komi í bréfi Landsnets til HS Veitna.

Kærandi telji auðsýnt miðað við fyrirliggjandi gögn, að HS Veitur hafi ekki átt frumkvæði að uppsögn tengisamningsins við kæranda. Hafi uppsögn HS Veitna stafað af þeirri aðgerð Landsnets að segja upp tengisamningnum við HS Veitur. Sú uppsögn sé að mati kæranda ólögmat.

Í uppsagnabréfi byggji Landsnet ákvörðun um uppsögn á samningi við HS Veitur á ástæðum sem séu ólögmatar að mati kæranda og í ósamræmi við ákvæði raforkulaga.

Kærandi bendir á að Landsneti sé skylt samkvæmt 1. tl. 3. mgr. 9. gr. raforkulaga, sbr. og 1. tl. 11. gr. reglugerðar nr. 1040/2005, um framkvæmd raforkulaga, að tengja alla þá sem eftir því

sækjast við flutningskerfið, að uppfylltum tilteknum skilyrðum. Í tengivirkinu í Hamarsnesi sé afhendingarstaður á 132 kV spennu fyrir dreifiveituna á svæðinu þar sem HS Veitur taki við rafmagninu sem sé dreift til kæranda. Á grundvelli 3. tl. 19. gr. reglugerðar nr. 1040/2005, sé HS Veitum þar af leiðandi skylt að tengjast flutningskerfi Landsnets og teljist kærandi því ekki vera nýr notandi í skilningi raforkulaga eins og ROE álykti í hinni kærðu ákvörðun. Því hvíli sú lögbundna skylda á Landsneti að tengja HS Veitur við flutningskerfi sitt þannig að dreifiveitunni sé kleift að dreifa raforku til kæranda. Engar tæknilegar hindranir hafi staðið því í vegi eins og framkvæmdin á samkomulaginu 18. september 2019, beri með sér og ætla hafi mátt að við gildistöku samkomulagsins hefðu verið fyrirséðar mögulegar spennutruflanir í 11kV kerfinu við rekstur á stáltætaramótor kæranda.

Landsnet tilgreini í uppsagnarbréfi til HS Veitna annars vegar að tengingin hafi átt að vera tímabundin og hins vegar að búnaður kæranda sé viðkvæmur fyrir sveiflum í spennu í tengivirki Landsnets í Hamranesi. Kærandi hafni því að tengingin við HS Veitur hafi átt að vera tímabundin enda ekkert vikið að slíku í tengisamningnum. Þá segi í bréfi Landsnets til HS Veitna, þann 15. mars 2019, að félagið sé reiðubúið að koma að tímabundinni bráðabirgðalausn varðandi notkun kæranda á 11 kV rofa í Hamranesi þar til nýtt tengivirki HS Veitna sé tekið í rekstur og HS Veitur geti tengt kæranda án aðstoðar Landsnets. Hvað sem öðru líði þá liggi fyrir að það skilyrði sé ekki uppfyllt.

Í samningi HS Veitna og kæranda frá 18. september 2019, sé hvergi að finna uppsagnarákvæði og hafi kæranda verið alls ókunnugt um að í samningi Landsnets og HS Veitna væri að finna uppsagnarákvæði sem Landsnet gæti beitt að eigin geðþótta og án þess að breyttar forsendur væru fyrir hendi, líkt og ROE leggi til grundvallar í hinni kærðu ákvörðun. Ljóst sé að kærandi hefði aldrei fallist á skilyrði Landsnets, um að fjarlægja tengibúnað sinn með tilheyrandi fjárhagslegu tjóni, ef kærandi hefði haft vitneskju um uppsagnarákvæðið. Kærandi telji einsýnt í ljósi þess að tengisamningur hans og HS Veitna hafi ekki innihaldið uppsagnarákvæði auk framtíðarstækkunar á raforkudreifingu til kæranda, að hann hafi haft réttmætar væntingar til að ætla, gegn því að fallast á að taka úr notkun tengibúnað sinn í Hamranesi, að fyrirkomulagið yrði til lengri tíma.

Þá hafni kærandi því einnig að það teljist lögmædd uppsagnarástæða af hálfu Landsnets að vísa til sveiflna í spennu í tengivirki og meintra erfiðleika við að stýra flutningskerfinu í Hamranesi vegna starfsemi kæranda. Lögbundið hlutverk Landsnets samkvæmt raforkulögum sé m.a. að tryggja spennugæði í samræmi við reglugerð um kerfisstjórnun og tryggja áreiðanleika í rekstri flutningskerfisins. Skylda Landsnets lögum samkvæmt sé því að beita öðrum úrræðum en að segja tengingu upp. Í ljósi skyldu Landsnets til að starfrækja truflunarlaust kerfi og gæta jafnræðis gagnvart notendum við starfrækslu sína sé Landsneti óheimilt að beita íþyngjandi úrræðum eins og uppsögn á leigusamningi við dreifiveituna HS Veitur sem bitni eingöngu á kæranda. Í ljósi framangreinds verði ekki séð að lagheimild hafi verið til staðar fyrir Landsnet að segja upp tengingum og raforkudreifingu sem áður hafi verið komið á með samningum, nema því aðeins að um vanskil hafi verið að ræða. Það eigi ekki við hér.

Málsástæður og lagarök kæranda vegna ólögmatrar uppsagnar HS Veitna á tengisamningi frá 18. september 2019;

Í hinni kærðu ákvörðun sé því ranglega haldið fram að kærandi teljist vera nýr aðili þar sem engin gögn hafi legið fyrir um að kærandi hefði sótt um að tengjast dreifikerfinu á grundvelli 1. tl. 3. mgr. 16. gr. raforkulaga. Þessu mótmæli kærandi sem röngu. Af lögskýringargögnum megi sjá að nýr aðili í skilningi ákvæðisins sé sá sem ekki sé þegar tengdur dreifikerfinu, sbr. orðalag í athugasemdum við 16. gr. frumvarps til raforkulaga. Í tengisamningi aðila frá 18. september 2019, sé samið um að notast verið við núverandi tengingu og að endurskoðun á henni komi aðeins til við augin raforkunot kæranda umfram umsamið hámark 2,5 MW. Verði kærandi

Því ekki skilgreindur sem nýr aðili heldur sé hann almennur notandi, sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 1150/2004 og 4. gr. reglugerðar nr. 1048/2004. Á þessu tvennu sé grundvallarmunur. Niðurstaðan hinnar kærðu ákvörðunar um að uppsagnir HS Veitna og Landsnet á umræddum samningum frá 18. september 2019, séu lögmætar þar sem samningarnir hafi verið til bráðabirgða og af þeim sökum hefðu ákvæði laganna ekki verið brotin, sé því að mati kæranda lögfræðilega röng. Ekkert sé vikið að bráðabirgðagildi samningsins milli kæranda og HS Veitna í texta hans auk þess sem ekkert uppsagnarákvæði sé í samningnum sjálfum. Þá sé í samningnum hvorki vikið að því að kæranda skuli ætlað að uppfæra búnað sinn, hvenær það skuli gert né hvernig sú uppfærsla skuli vera tæknilega úr garði gerð til þess að geta verið grunnur að tengingu við dreifikerfi HS Veitna, eins og það sé orðað. Aukin heldur séu engar kröfur gerðar í samningnum til kæranda um annað en að aftengja og fjarlægja búnað í Hamranesi og svo greiða fyrir raforkuna. Ekkert í samningstextanum styðji því fullyrðingar HS Veitna um að samningnum hafi verið ætlað að varar til skamms tíma meðan kærandi „uppfærði búnað“ sinn. Þvert á móti séu í samningnum yfirlýsingar um uppbyggingaráform sem á engan hátt samræmist staðhæfingum HS Veitna um uppfærslu búnaðar, bráðabirgðagildi eða skammtímagildi samningsins.

Kærandi byggir á því að HS Veitur beri, á grundvelli andskýringarreglu samningaréttarins, allan halla af óskýru orðalagi samningstexta sem hafi einhliða verið samin af HS Veitum. Kærandi telur því að af því leiði, í ljósi lögbundinnar tengiskyldu HS Veitna, að uppsögn HS Veitna á tengisamningi hafi skort lagastoð og sé þar af leiðandi ólögmæt enda fari fjarri að um bráðabirgðafyrirkomulag hafi verið að ræða.

Í ljósi lögbundinnar skyldu HS Veitna til að tengja notendur á dreifiveitusvæði þeirra og tengisamninga frá 2019, þá samræmist það enn síður þeirri lagaskyldu að segja upp gildandi samningum og knýja kæranda til að sækja um nýja tengingu við dreifikerfi HS Veitna. Þar sem kærandi hafi nú þegar tengingu við HS Veitur og á grundvelli meðalhófsreglna stjórnsýsluréttar hafi bæði Landsneti og HS Veitum borið að leita viðeigandi lausna til bætingar á raforkudreifingu til kæranda án þess að grípa til ómálefnalegra uppsagna. Sé það í samræmi við grunnsjónarmið 16. gr. rafkulaga.

Að mati kæranda sé það á ábyrgð HS Veitna sem hafi einkaleyfi á lagningu og rekstri dreifikerfisins á svæðinu að leysa úr því hvernig heimtauganotendur rafmagns á þeirra svæði tengist dreifikerfinu.

Samhliða kröfu kæranda um að úrskurðarnefnd ógildi uppsagnir á samningunum frá 18. september 2019, þá geri kærandi kröfu um að lagt verði fyrir Landsnet og HS Veitur að selja kæranda rafmagn á sömu kjörum og kveðið hafi verið á um í samningunum frá 18. september 2019 allt þar til HS Veitur geti afhent rafmagn við lóðamörk á starfssvæði kæranda að Hringhelli 3.

Krafa um kaupskyldu Landsnets og HS Veitna á tengingu og búnaði kæranda

Í hinni kærðu ákvörðun komi fram að kærandi hafi ekki tilgreint á hvaða lagagrundvelli krafan um kaupskyldu sé reist þrátt fyrir að í kvörtun hans hafi verið fjallað um að kaupskyldan hafi vaknað þegar öll flutningsmannvirki Landsvirkjunar, hafi verið flutt yfir til Landsnets með gildistöku laga nr. 75/2004. Fram komi einnig í hinni kærðu ákvörðun að engar frekari upplýsingar lægu fyrir um ástæður þess að tengibúnaður kæranda hefði ekki verið á meðal flutningsvirkja sem verðmetin hafi verið og færði inn í rekstur Landsnets. Orkustofnun sem eftirlitsaðili, ætti að mati kæranda að hafa upplýsingar, ef því sé að skipta, um hvaða ástæður hafi legið því að baki að lögbundinni skyldu hafi ekki verið gætt gagnvart kæranda eða í það minnsta að hafa aflað upplýsinga þar um í samræmi við rannsóknarreglu stjórnsýsluréttar.

Allt að einu telji kærandi það leiða af raforkulögum og einkarétti Landsnets á flutningskerfi rafmagns, og einkarétti HS Veitna á dreifingu raforku á starfssvæði þess, að festa kaup á tengibúnaði í eigu kæranda sem kæranda sé nú mögulega óheimilt og/eða ómögulegt að nota, ef Landsnet og HS Veitur fái sínu framgengt. Hins vegar hafi því ekki verið gefinn gaumur hvort Landsneti eða HS Veitum beri lagaskylda til kaupa á tengingu og búnaði kæranda sem séu utan lóðarmarka hans.

Fyrir liggi að með stofnun Landsnets hafi öll flutningsmannvirki Landsvirkjunar færst yfir til Landsnets og þ.a.l. hafi Landsvirkjun ekki átt neinn búnað í tengivirkinu í Hamranesi, þar sem búnaður kæranda hafi þá tengst búnaði Landsnets. Kærandi hafi ekki greitt tengigjald til Landsvirkjunar þar sem kærandi hafi átt búnaðinn í aðveitustöðinni í Hamranesi. Þar sem Landsvirkjun hafi áfram verið birgir kæranda á rafmagni, hafi Landsvirkjun greitt fyrir flutning á rafmagninu gegnum flutningskerfið og innheimt þann kostnað hjá kæranda. Alfarið hafi verið litið framhjá því að kærandi hafi átt búnað í tengivirkinu og því aldrei hreyft við af hálfu Landsnets, eftir að Landsnet hafi tekið við tengivirkinu af Landsvirkjun, hvort Landsneti hafi borið að kaupa spenna, jarðstrengi eða annan búnað af kæranda eftir breytingu á réttarstöðu kæranda með raforkulögum nr. 65/2003.

Með því að raforkulög nr. 65/2003 mæli fyrir um einkarétt, annars vegar Landsnets á flutningskerfi rafmagns og hins vegar HS Veitna á dreifingu raforku á starfssvæði félagsins, telur kærandi að það verði að líta svo á að Landsnet og HS Veitur hafi einkarétt á lagningu og rekstri sinna dreifikerfa. Af því leiði að félögin séu skyldug til að kaupa þann dreifibúnað kæranda sem settur hafi verið upp í tíð eldri raforkulaga en sé nú mögulega ólögsmætt að nota og í öllu falli ónothæfur að mestu ef raforkudreifing til kæranda verði með hætti sem Landsnet og HS Veitur boði að skuli verða, einhvern tíma.

Að mati kæranda beri að skilgreina tengibúnað hans sem falli utan dreifiveitunnar sem flutningskerfi í skilningi 6. tl. 3. gr. raforkulaga, og sé Landsneti í reynd skylt að kaupa þann búnað kæranda sem teljist til flutningskerfis Landsnets. Í stað þess að krefjast þess að kærandi fjarlægji spenna og tengibúnað af lóð Landsnets í Hamranesi sem forsendu fyrir tengingu við HS Veitur, telur kærandi að Landsneti hafi borið lagaskylda til að kaupa þann búnað af kæranda.

Þá byggji kærandi á því að skilgreina beri jarðastreng í eigu hans frá lóðarmörkum að tengivirkinu í Hamranesi sem hluta af dreifikerfi HS Veitna á dreifingarsvæði HS Veitna. Af því leiði að HS Veitum beri að kaupa jarðstrenginn og viðeigandi búnað af kæranda þar sem hann liggi af sögulegum ástæðum þvert gegnum núverandi dreifisvæði HS Veitna án þess að HS Veitur eða forverar hafi sinnt þar skyldu til dreifingar á rafmagni til kæranda.

Fari kærandi því fram á að nefndin felli úr gildi niðurstöðu hinnar kærðu ákvörðunar um að hafna kröfu kæranda, og taki þær til greina.

IV. Athugasemdir Orkustofnunar

Orkustofnun var send kæran til athugasemda og bærust athugasemdir Raforkueftirlitsins (ROE) þann 24. október 2024. Í athugasemdum ROE kemur meðal annars fram að ROE telji málatilbúnað kæranda ekki til þess fallinn að breyta afstöðu ROE til málsins.

Kærandi telji niðurstöðu hinnar kærðu ákvörðunar vera lögfræðilega og efnislega ranga og fari fram á að henni verði hnekk. Kærandi byggji að mestu leyti á sömu málsástæðum í kærðu og gert hafi verið í kvörtun til ROE. Vísar ROE til hinnar kærðu ákvörðunar hvað varðar þær málsástæður sem hin kærða ákvörðun byggji á og almennt um málsástæður.

Kærandi telur uppsagnir Landsnets og HS Veitna á samningum um tengingu ólögsmætar

Telji kærandi ekki vera lagastoð fyrir því að hann þurfi að óska formlega um tengingu við dreifikerfið. Þá sé það afstaða kæranda að einungis sé heimilt að segja samningum um tengingu upp vegna vanskila og þar sem þau hafi ekki verið fyrir hendi hjá kæranda hafi uppsögnin verið ólögmat.

Af hálfu ROE sé alveg ljóst að fyrirkomulag um tengingu kæranda samkvæmt samkomulagi hans við HS Veitur frá 18. september 2019, hafi verið hugsað sem bráðabirgðalausn og hafi kærandi mátt vera það ljóst. Með bréfi Landsnets til kæranda, dags. 15. mars 2019, hafi komið fram að hafnar væru framkvæmdir við nýja spennustöð í Hamranesi og tilkynnti Landsnet kæranda að spennir hans í Hamranesi yrði aftengdur en til að koma á varanlegri tengingu yrði kærandi að snúa sér til HS Veitna um tengingu við dreifikerfið. Enn fremur komi fram í bréfinu að varanlegt fyrirkomulag tengingar væri málefni kæranda og HS Veitna, en Landsnet hafi áður lýst því yfir við HS Veitur að félagið væri reiðubúið að skoða aðkomu að tímabundinni bráðabirgðalausn varðandi notkun 11 kV kerfisins í Hamranesi þar til nýtt tengivirki HS Veitna yrði tekið í rekstur.

Þann 18. september 2019, hafi HS Veitur og kærandi undirritað samkomulag um tengingu stáltætara kæranda við dreifikerfi HS Veitna. Í 1. gr. samkomulagsins komi fram að aðilar séu sammála um að leggja af tengingu á 132 kV og að notkun kæranda tengist þess í stað 11kV rofa sem HS Veitur leigi af Landsneti í Hamranesi. Í 3. gr. samkomulagsins segi „Fulltrúum Furu hefur verið til upplýsinga kynnt drög að samningum milli HS Veitna og Landsnets sem varða tengingu Furu við raforkukerfið“. Landsnet og HS Veitur hafi þann 18. september 2019, gert með sér samning um kostnaðarskiptingu vegna aftengingar kæranda frá flutningskerfinu og færslu yfir á dreifiveitu og samning um leigu á búnaði vegna raforkuafhendingar. Í 5. gr. samningsins um leigu á búnaði vegna raforkuafhendingar komi fram að leigusamningurinn sé uppsegjanlegur með 18 mánaða fyrirvara.

Með bréfi, dags. 31. ágúst 2023, hafi Landsnet sagt upp samningi við HS Veitur um leigu á búnaði vegna raforkuafhendingar. Í kjölfar uppsagnarinnar hafi HS Veitur tilkynnt kæranda um uppsögn á samkomulagi við hann frá 18. september 2019, um tengingu stáltætara við dreifikerfi HS Veitna með bréfi dags. 22. september 2023. Í bréfinu komi fram að fyrir liggi að kærandi muni missa aðstöðu sína í Hamranesi í mars árið 2025. Kærandi þurfi því að sækja um nýja tengingu við dreifikerfi HS Veitna og greiða tengigjöld í samræmi við skilmála HS Veitna og þá eftir atvikum viðbótarkostnað sem fylgi tengingunni.

Eftir að fyrir hafi legið með endanlegum hætti að kærandi hefði ekki heimild til þess að tengjast flutningskerfinu beint hafi verið í gildi bráðabirgðafyrirkomulag um tengingu kæranda við HS Veitur með aðkomu Landsnets. Þessu bráðabirgðafyrirkomulagi hafi verið breytt með samkomulagi aðila frá 18. september 2019. Það liggi fyrir samkvæmt bréfi Landsnets til kæranda frá 15. mars 2019, að nýtt fyrirkomulag hafi verið sett upp til bráðabirgða og hafi kæranda mátt vera það ljóst að ekki væri um endanlega lausn að ræða. Þá hafi kæranda að mati ROE, mátt vera kunnugt um uppsagnarákvæði í 5. gr. samnings Landsnets og HS Veitna um leigu á búnaði vegna raforkuafhendingar frá 18. september 2019. Þrátt fyrir að kærandi haldi því fram að hann hafi ekki vitað af því að samkomulaginu hafi verið ætlað að standa til bráðabirgða þá benda gögn málsins og einkum bréf Landsnets til kæranda með sér að kæranda hafi átt að vera þetta ljóst.

Uppsagnir Landsnets og HS Veitna hafi að mati ROE falið í sér uppsagnir á bráðabirgðafyrirkomulagi og hafi ekki brotið gegn ákvæðum raforkulaga. Kærandi hafi þannig sjálfur borið ábyrgð á því að hafa ekki sótt um að tengjast HS Veitum í samræmi við ábendingar í uppsagnabréfi HS Veitna til kæranda. Þar sem ekki liggi fyrir nein gögn um að kærandi hafi sótt með formlegum hætti um að tengjast dreifikerfinu á grundvelli 1. tl. 3. mgr. 16. gr. raforkulaga sé rétt að líta svo á að kærandi sé „nýr notandi“ í skilningi þess ákvæðis.

Það sé því afstaða ROE að uppsagnir Landsnets og HS Veitna á samningum vegna tengingar kæranda við dreifikerfi raforku hafi falið í sér uppsagnir á bráðabirgðafyrirkomulagi og hafi ekki brotið gegn ákvæðum raforkulaga.

Málsástæður kæranda fyrir kröfu um kaupskyldu á tengingu og búnaði kæranda

Kærandi haldi því fram að það leiði af raforkulögum og einkarétti Landsnets til flutnings rafmagns og einkarétti HS Veitna til að dreifa rafmagni að félögunum sé skylt að kaupa tiltekinn búnað í eigu kæranda sem honum sé ókleift að nota. Vísi kærandi einkum til 10. gr. raforkulaga.

Með vísan til þess rökstuðnings sem fram komi í hinni kærðu ákvörðun þá hafni ROE því að slík lagaskylda sé til staðar. Þá mótmæli ROE því að hafa ekki sinnt rannsóknarskyldu af því að stofnunin hafi ekki haft upplýsingar um það hvers vegna búnaður kæranda hafi ekki verið seldur flutningsfyrirtækinu. Það sem átt hafi verið við í hinni kærðu ákvörðun sé að það liggi ekki fyrir neinar upplýsingar um að það hafi staðið til að selja búnað kæranda til flutningsfyrirtækisins.

Afstaða ROE sé að niðurstaða hinnar kærðu ákvörðunar sé í samræmi við lög. Að mati ROE hafi kærandi ekki komið fram með nýjar upplýsingar, lagarök eða málsástæður í kæru sem gefi tilefni til þess að endurskoða hina kærðu ákvörðun og fallast á kröfur kæranda.

V. Sjónarmið kæranda vegna athugasemda Orkustofnunar

Kæranda voru send andmæli ROE og bárust athugasemdir hans þann 15. nóvember 2024. Þar kemur m.a. fram að kærandi telji ástæðu til að ítreka nokkur grundvallaratriði sem varði ágreiningsefnin.

ROE telji ljóst að fyrirkomulag um tengingu kæranda samkvæmt samkomulagi við HS Veitur hafi verið hugsað sem bráðabirgðalausn og að kæranda hafi mátt vera það ljóst. Þessu hafni kærandi og ítrekar að það sé samningstextinn sem og ákvæði raforkulaga sem ráði réttarstöðu kæranda gagnvart HS Veitum en ekki óljósar, einhliða og óskráðar forsendur. Í því sambandi vísar kærandi til greinargerðar um 20. gr. frumvarps til raforkulaga. Af henni megi ætla að mati kæranda að almennar túlkunarreglu samninga- og kröfuréttar um gildi samninga eigi við um raforkusölusamninga.

Í samningi kæranda og HS Veitna sé hvorki kveðið á um heimild til uppsagnar af hálfu HS Veitna né að hann skuli falla úr gildi við tilteknar skilgreindar aðstæður. Þvert á móti sé kveðið í samningnum á um aukna orkusölu HS Veitna til kæranda í framtíðinni. Í uppsagnarbréfi HS Veitna sé ekki öðru borið við en að Landsnet hafi sagt upp tengisamningi við dreifiveituna. Í uppsagnarbréfi Landsnets til HS Veitna sé engum málefnalegum aðstæðum til að dreifa sem kallað hafi á uppsögn samningsins.

Í 2. mgr. 20. gr. raforkulaga sé kveðið á um uppsagnarheimild orkukaupanda. Í greinargerð með lögunum segi um greinina að tilgangur með lögbundnum uppsagnarfresti sé að tryggja að langtímasamningar hamli ekki samkeppni. Með gagnályktun þá hafi orkuseljandi, hér dreifiveita, ekki heimild til að segja upp samningi nema vegna vanskila notanda. Það eigi ekki við hér og hafi HS Veitum því ekki verið heimilt að segja samningnum upp.

Samkvæmt raforkulögum sé umsókn um tengingu til dreifiveitu ekki formbundinn gerningur og sé að mati kæranda, augljóst af lögunum og reglugerðum á grundvelli þeirra, að samningar við notendur geti verið að ýmsu tagi. Af framangreindu leiði að þegar tenging sé komin á við notanda sé dreifiveita skuldbundin til að afhenda raforku ef notandi standi í skilum með greiðslu fyrir orkuna.

Kærandi bendir á að grundvallarsjónarmið um túlkun laga á sviði neytendaverndar eigi hér við. Kjarni málsins sé sá að HS Veitur hafi samið einhliða texta tengisamningsins og beri hann með

sér að honum sé ætlað að vara til langframa enda hafi honum ekki verið markaður ákveðinn gildistími né sé í honum að finna uppsagnarheimild eða skilgreindar aðstæður sem mæli fyrir um hvenær honum muni ljúka. HS Veitur séu dreifiveita með lögbundnar skyldur til sölu raforku til notenda og hafi dreifiveitunni verið í lofa lagið að taka fram í samningnum að honum mætti segja upp eða tilgreina að hann skyldi vera til bráðabirgða og þá eftir atvikum, hvenær því bráðabirgða ástandi lyki.

Við túlkun á sviði neytendaréttar, sér í lagi þar sem samningar hafi verið samdir einhliða, sé andskýringarreglan ráðandi þar sem í henni felist annars vegar almenn varnaráhrif, um að samningsákvæði séu skýr, og réttarvernd tilteknum hópi til handa, t.d. þegar samningar séu gerðir við neytendur.

Með hliðsjón af framangreindu verði að mati kæranda að leggja allan vafa um túlkun á efni samningsins á HS Veitur sem samið hafi samningstextann og hafi að auki lögbundna skyldu á grundvelli einkaleyfis til dreifingar á raforku, til að selja hana til neytenda. Samningstextinn ráði því efni samningsins og sé hann því ekki uppsegjanlegur. Að vísa til þess sem grundvallar fyrir uppsögn raforkukaupa samnings, að kæranda hafi mátt vera ljóst að hann skyldi vera til bráðabirgða, sé ótækt og styðjist ekki við viðurkenndar reglur um túlkun samninga.

Athugasemdir kæranda voru sendar ROE þann 15. nóvember 2024.

VI. Athugasemdir HS Veitna og Landsnets

Kallað var eftir athugasemdum HS Veitna og Landsnets við kærinni.

1.

Í athugasemdum HS Veitna, dags. 6. febrúar 2025, kemur fram að málið eigi sér langan aðdraganda og er í því sambandi vísað til dóms Hæstaréttar í málinu nr. 655/2016, frá 30. nóvember 2017. Þar hafi niðurstaða úrskurðarnefndar raforkumála um að kærandi uppfyllti ekki skilyrði þess að vera tengdur beint við flutningskerfi Landsnets, verið staðfest. Kærandi yrði því að koma á beinni tengingu við dreifikerfi HS Veitna, ætlaði hann áfram að eiga þess kost á að fá afhent rafmagn til starfsemi sinnar.

HS Veitur benda á að núverandi raforkuafhending til kæranda uppfylli ekki skilyrði raforkulaga, uppfylli ekki ákvæði samkeppnislaga og séu Landsnet og HS Veitur í raun útsett fyrir ábyrgð og sektarkostnaði vegna þess. Áréttað er að kærandi geti ekki gengið út frá því að réttindi sem honum séu tryggð með samningum haldist óbreytt til framtíðar eins og fram komi í dómi Hæstaréttar. Ítrekað er að samningarnir hafi verið til bráðabirgða og þessari tímabundnu lausn, hafi enn og aftur verið ætlað að skapa kæranda tækifæri til þess að koma búnaði sínum í það horf að hægt yrði að tengja hann við dreifikerfi HS Veitna og koma á lögmætu ástandi í samræmi við dóm Hæstaréttar.

HS Veitur telja ljóst að úrskurðarnefnd geti ekki með hliðsjón af málavöxtum og stöðu HS Veitna og Landsnets kveðið á um að núverandi ástandi sé viðhaldið. Samkomulag HS Veitna og kæranda sé ekki tengisamningur á grundvelli raforkulaga heldur samningur um að tengja jarðstreng í eigu kæranda sem liggja frá tengivirki Landsnets í Hamranesi að starfsstöð kæranda við Hringhellu. Jarðstrengurinn sé ekki hluti að dreifikerfi HS Veitna og samkomulag um að tengja þann enda sem sé í tengivirkinu við rofa, sem HS Veitur leigi af Landsneti feli ekki í sér tengisamning í skilningi raforkulaga. Ágreining vegna samkomulagsins skuli reka fyrir héraðsdómi og þegar af þessari ástæðu beri að vísa málinu frá.

Kröfugerð kæranda og afstaða HS Veitna

HS Veitur hafna því að hægt sé með úrskurði úrskurðarnefndar að fella úr gildi lögmæta uppsögn á samkomulagi aðila frá árinu 2019. Ekkert í samkomulagi aðila sé til þess fallið að nefndin geti gripið inn í samningsbundna réttarstöðu milli aðila. Með samkomulaginu hafi kæranda verið skapað svigrúm til þess að koma búnaði sínum í það horf að hægt yrði til framtíðar að koma á tengingu við almenna dreifikerfi HS Veitna. Þetta svigrúm hafi kærandi ekki nýtt. Sú tenging sem núna sé virk sé í raun tenging við flutningskerfið þó tilteknaðar tæknilegar breytingar hafi verið gerðar samhliða samkomulaginu til þess að auka líkur á því að tengingin gæti virkað sem skyldi.

Með uppsögnum á samningunum frá 2019 falli þeir úr gildi í heild sinni. Hvorki Landsnet né HS Veitur selji kæranda raforku, eins og ætla mætti af orðalagi í kæru, en hins vegar greiði kærandi flutnings og dreifgjöld byggt á samningum aðila og þar með þeirri bráðabirgða tengingu sem komið hafi verið á. Kærandi verði að koma á tengingu við dreifikerfið sem uppfylli skilyrði laga og í framhaldinu að greiða gjöld í samræmi við gjaldskrá og skilmála HS Veitna og þar með flutningsgjöld til Landsnets.

Fram kemur einnig að HS Veitur taki ekki afstöðu til kröfu kæranda um skyldu Landsnets til að kaupa nánar tilgreindan búnað í hans eigu.

HS Veitur hafni því að hægt sé að skylda félagið til að kaupa jarðstreng kæranda sem liggi frá tengivirki Landsnets að starfsstöð kæranda við Hringhellu. Eignarhald kæranda á jarðstrengnum byggir á hefðbundnum einkaréttarlegum kaupsamningi. Kærandi beri alla áhættu af kaupunum og eins og segi í dómi Hæstaréttar, geti kærandi ekki gert ráð fyrir að samningsbundin réttindi muni haldast óbreytt til allra framtíðar. Á þessum ráðstöfunum geti HS Veitur enga ábyrgð borið og engin rök hvorki á grundvelli samninga eða laga styðji slíka kröfu.

HS Veitur rekja síðan eintök atriði í kröfugerð kæranda

Krafa kæranda um að ógilda uppsagnir á samningum aðila byggir kærandi á því að tengiskylda hafi ekki verið virt af hálfu Landsnets og HS Veitna ef uppsögn samninga fengi að standa og þar vísað til hlutaðeigandi ákvæða raforkulaga um tengiskyldu annars vegar flutningsfyrirtækisins og hins vegar dreifiveitna. Um tengingu kæranda við Landsnet og þar með um lagaskil og réttarstöðu aðila í ljósi nýrra raforkulaga hafi verið fjallað í dómi Hæstaréttar nr. 655/2016. Þar hafi verið komist að þeirri niðurstöðu að umrædd tenging hafi verið ólögmæt sem leiddi til þess að koma þyrfti á varanlegri tengingu kæranda við dreifikerfi HS Veitna. Núverandi tenging milli tengivirkis Landsnets í Hamranesi og kæranda, tengist dreifikerfi HS Veitna ekki á neinn hátt og fyrir liggi að með samkomulagi aðila árið 2019 hafi eingöngu verið að skapa kæranda tímabundið svigrúm til þess að bregðast við niðurstöðu Hæstaréttar og nota til þess tímabundið sömu gömlu tenginguna frá 1988. Ljóst sé að kæranda sé óheimilt að sækja um tengingu við flutningskerfi Landsnets. Þá hafi kærandi þrátt fyrir áskoranir þar að lútandi ekki sótt um tengingu við dreifikerfi HS Veitna. Því hafna HS Veitur því alfarið að tengiskylda hafi ekki verið virt af hálfu félagsins.

Kærandi gerir kröfu um að Landsnet og HS Veitur kaupi af honum búnað sem og jarðstrengi sem hann hafi keypt á sínum tíma. Kröfuna byggir kærandi á að dreifiveitan hafi sérleyfi til að byggja upp og reka dreifikerfi innan síns sérleyfissvæðis. HS Veitur benda á að í núverandi raforkulögum sé hvergi kveðið á um kaupskyldu dreifiveitna á mögulegum eldri raflögnum í eigu einkaaðila. Skyldur dreifiveitna til þess að byggja upp og reka dreifikerfi breyti engu um þessa stöðu og kveða hefði sjálfsætt á um það ef dreifiveitur ættu að hafa kaupskyldu þar að lútandi. HS Veitur hafna því að lagalegar forsendur séu fyrir skyldu félagsins til að kaupa jarðstreng kæranda frá tengivirki Landsnets að starfsstöð kæranda.

HS Veitur rekja síðan málavexti kæranda lið fyrir lið. Þar kemur m.a. fram að kærandi haldi því fram að samningur HS Veitna við Landsnet og samkomulag HS Veitna við kæranda, sem

gerðir hafi verið 18. september 2019, feli í raun í sér tengisamning. Þessu sé alfarið hafnað af hálfu HS Veitna enda sé um að ræða sömu tengingu og fjallað sé um í dómi Hæstaréttar nr. 655/2016, þ.e. beintengingu við flutningskerfi Landsnets. Með framangreindum samningi og samkomulagi hafi verið að reyna að koma til móts við þá stöðu sem kærandi hafi verið í eftir að niðurstaða Hæstaréttar hafi legið fyrir þar sem kærandi hafi ekki verið í stakk búinn til að tengjast dreifiveitu HS Veitna. Fyrir hafi legið og liggi fyrir að kærandi þurfi að endurnýja búnað til að uppfylla þær kröfur að geta tengst dreifikerfi HS Veitna. Því sé alfarið hafnað að fyrirhuguð tenging kæranda geti ekki farið fram sökum þess að HS Veitur hafi ekki yfir að ráða tæknilegri getu til þess að koma tengingunni á. Kröfur þar að lútandi snúi að þeim sem óski eftir tengingu, þ.e. kæranda.

HS Veitur telja rétt að áréttu að kærandi geri ekki orkukaupa samninga við Landsnet heldur greiði flutningsfyrirtækinu, Landsneti, fyrir flutning raforkunnar í samræmi við gjaldskrá og netmála.

Fyrir hafi legið að kæranda hafi ekki verið mögulegt að tengjast dreifikerfi HS Veitna nema með því að endurnýja og/eða uppfæra spennubúnað og hafi aðilar átt í viðræðum vegna þess enda hafi legið fyrir að rjúfa þyrfti óheimila tengingu við flutningskerfi Landsnets. Til að skapa kæranda svigrúm til að bæta úr þessari stöðu hafi HS Veitur og Landsnet fallist á að leysa úr málinu með tímabundinni ráðstöfun sem kærandi yrði að laga sig að enda hafi verið ljóst að þessi ráðstöfun gæti ekki varað til framtíðar. Tenging kæranda við dreifikerfið snúi ekki að tæknilegri getu HS Veitna og það sé ekki fyrr en umsókn um tengingu liggi fyrir að farið sé í útreikninga á áætluðum kostnaði við hana, enda komi forsendur viðskiptavina fram í umsókn um tengingu. Það sé því rangt að HS Veitur hafi ekki getað upplýst um kostnað við að tengja kæranda beint við dreifikerfið. Þrátt fyrir áskoranir hafi kærandi ekki enn skilað inn umsókn um tengingu við dreifikerfið.

Spennubúnaður kæranda sé gamall og uppfylli ekki þær kröfur sem gerðar séu í dag. Þetta hafi verið tilefni til þess samtals sem orðið hafi á milli HS Veitna og kæranda og einnig með aðkomu Landsnets sem síðar hafi lagt grunninn að þeim uppsögnum sem kærumál þetta fjalli um. Þessu til viðbótar hafi bæst sú staða sem Landsnet og HS Veitur séu í og snúi að því að núverandi fyrirkomulag uppfylli ekki skilyrði raforkulaga og samkeppnislaga og þar með jafnræði viðskiptavina.

Kærandi haldi því fram að samningurinn og samkomulagið frá 2019 séu tilkomnir vegna þess að HS Veitur hafi skort tæknigetu til þess að tengja kæranda beint inn á dreifikerfið án þess að það kynni að valda öðrum notendum truflunum. Hér sé enn og aftur fullyrt að það sé HS Veitna að aðlaga dreifikerfi sitt að gömlum og úr sér gengnum búnaði kæranda. Kæranda sé fullkunnugt um að þetta sé rangt og kröfurnar hér að lútandi snúi beint að honum og búnaði hans.

Málatilbúnaður kæranda beri með sér að samningur og samkomulag sem hér sé til umfjöllunar hafi komið fullbúnir frá HS Veitum og Landsneti til hans og kærandi hafi enga aðkomu haft að málinu. Það liggi fyrir að tilurð samnings og samkomulagsins sé vegna niðurstöðu dóms Hæstaréttar í máli nr. 655/2016. Nauðsynlegt hafi verið að fylgja dómsniðurstöðunni eftir og í því skyni hafi viðræður milli aðila hafist. Þá hafi legið fyrir að Landsnet þyrfti vegna þróunar flutningskerfisins og aukinna eftirspurnar að gera breytingar í Hamranesi, sem hafi orðið tilefni samnings þar að lútandi milli Landsnets og HS Veitna sem sömuleiðis hafi kallað á tilfærslu á búnaði kæranda eða hann yrði beinlínis fjarlægður í samræmi við dómsniðurstöðuna. Af hálfu aðila hafi verið ljóst að litið væri á samninginn og samkomulagið sem eina heild og málið lagt þannig upp enda hafi kærandi fengið afrit af samningi Landsnets og HS Veitna og hann í raun hluti af samkomulagi HS Veitna og kæranda. Kæranda hafi allan tímann verið ljóst að hér hafi ekki getað verið um framtíðarlausn að ræða. Alveg ljóst sé að kæranda hafi verið kynntur

samningur HS Veitna við Landsnet og þar með forsendur hans enda sé það skýrt tekið fram í samkomulagi HS Veitna við kæranda. Í ljósi framangreinds sé það röng ályktun og gegn betri vitund hjá kæranda að samkomulagið við hann frá 2019, hafi verið ætlað að leggja varanlegan grundvöll að dreifingu raforku til starfsemi hans að Hringhellu. Kæranda hafi verið fullkunnugt um samningsákvæði í samningi HS Veitna og Landsnets enda hafi þau verið kynnt honum sérstaklega. Samkomulag HS Veitna við kæranda beri þess augljós merki að það hafi borið að lesa það saman við samning Landsnets og HS Veitna og samkomulagið því ekki haft eins ítarlegt og ella hefði verið. Kærandi verði að una því að Landsnet og HS Veitur geti ekki út frá þeim skyldum sem þeir beri samkvæmt raforkulögum og samkeppnislögum haldið óbreyttu ástandi og sé því nauðsynlegt að beita heimildum sínum til uppsagnar.

HS Veitur benda á að af samkomulagi aðila sé ljóst að ekki hafi þurft að tilgreina einhverjar tilteknar ástæður fyrir uppsögninni. Uppsagnarbréf HS Veitna hafi verið afhent kæranda á fundi þann 22. september 2023, þar sem gerð sé grein fyrir því að HS Veitur þurfi að víkja með búnað sinn úr tengivirkinu í Hamranesi og því sé nauðsynlegt að koma á tengingu kæranda við dreifikerfi HS Veitna. Farið hafi verið yfir þær kröfur sem kærandi þyrfti að mæta af þessum sökum og óskað eftir að kærandi legði fram áætlun þar að lútandi eigi síðar en í desember 2023. Þrátt fyrir þetta haldi kærandi því fram að ástæður þess að hann geti ekki tengst dreifikerfi HS Veitna snúi að HS Veitum en ekki honum. Tenging kæranda í Hamranesi sé í raun tenging við flutningskerfið og þær sveiflur sem komi fram snerti dreifikerfið ekki á neinn hátt. Af þeim sökum hafi HS Veitur ekki verið í neinum samskiptum vegna þessa. HS Veitur hafni því alfarið að uppsögn félagsins og Landsnets séu geðþóttaákvæðanir. Ástæður uppsagnanna séu margþættar og styðjist við lögmæt sjónarmið og skyldur félaganna samkvæmt raforkulögum. Þá liggi fyrir að kærandi geti fengið nauðsynlega þjónustu dreifikerfis HS Veitna ef hann uppfylli þær kröfur sem gerðar séu til tenginga við dreifikerfið. Á þetta hafi hins vegar ekki reynt þar sem kærandi hafi ekki sótt um tengingu.

Forsendur og niðurstaða hinnar kæru ákvörðunar

HS Veitur hafna því að lagalegar forsendur séu til þess að ROE geti gripið inn í samkomulag þeirra við kæranda.

Málsástæður og lagarök kæranda

Varðandi uppsögn Landsnets á tengisamningi við HS Veitur benda HS Veitur á að til þess að flutningsfyrirtækið eða dreifiveita geti tengt þá sem eftir því sækist liggi í augum uppi að umsókn viðkomandi aðila um tengingu þurfi að liggja fyrir. Um þetta sé fjallað í raforkulögum og 23. gr. reglugerðar nr. 1040/2005, þar sem m.a. sé vísað til tæknilegra tengiskilmála dreifiveitna. Þá sé í 2. gr. reglugerðar nr. 1150/2019, skilgreining á tengisamningi en þar komi fram að hann geti verið „heimtaugaumsókn“ eða „sérstakur samningur“ við dreifiveitu en hvorutveggja feli í sér formlega umsókn um tengingu. Þá sé í 20. gr. reglugerðar fyrir HS Veitur nr. 944/2018, kveðið á um umsókn um heimtaug eða breytingu á heimtaug skuli undirrituð af húseiganda. Kærandi vísi einnig til reglugerðar nr. 1048/2004, um gæði raforku og afhendingaröryggi og að samkvæmt henni sé hægt að semja um breytileg afhendingarsvæði, þ.e. önnur en þau sem reglugerðin kveði á um. Skýrt sé hins vegar kveðið á um að slík afhending megi ekki hafa áhrif á aðra notendur. Þessar fráviksheimildir skapi flutningsfyrirtækinu og dreifiveitum ákveðið svigrúm til þess að taka við viðskiptavinum sem ráði við frávikin ef svo megi segja. Þessi heimild til frávika skapi viðskiptavinum hins vegar ekki sjálfstæðan rétt á því að tengjast flutnings- eða dreifikerfum vegna þess að búnaður hans fullnægi ekki kröfum laga og reglugerða. Þá sé gerð skýr krafa um að slík frávik megi ekki hafa áhrif á aðra viðskiptavini. HS Veitur hafni alfarið að ekki þurfi að sækja með formlegum hætti um tengingu við flutnings- eða dreifikerfi.

Kærandi telji að með samkomulagi aðila frá 2019, hafi í raun komist á tenging við dreifikerfi HS Veitna þrátt fyrir að engin slík tenging hafi verið fyrir hendi. Um sé að ræða jarðstreng í eigu kæranda og sé sama tenging og forveri hans hafi komið á við flutningskerfi Landsvirkjunar á sínum tíma. Í samkomulagi kæranda og HS Veitna frá 2019, sé jafnframt tekið fram að ekki sé komin á tenging við almennt dreifikerfi HS Veitna og vísað til ástæðna þess, þ.e. að búnaður kæranda geti ekki tengst því þar sem hann uppfylli ekki þær kröfur sem séu forsenda þeirrar tengingar. Þá haldi kærandi því fram að hann hafi greitt umsamið tengigjald fyrir þá tengingu sem komist hafi á með samkomulaginu frá 2019, en í því sé eðli málsins samkvæmt ekkert fjallað um tengigjöld enda ekki um tengisamning að ræða í skilningi raforkulaga. Samkomulagið sé tilkomið vegna beiðni kæranda til þess að ekki þyrfti án fyrirvara að rjúfa raforkuafhendingu í framhaldi af dómi Hæstaréttar. Sé því eðlilegt að ákvæði hafi verið um uppsagnarrétt þar sem fyrir hafi legið að ekki væri hægt að viðhalda slíkur bráðabirgðafyrirkomulagi til framtíðar enda yrði að koma til tenging við dreifikerfi HS Veitna í framhaldi þess að kærandi nýtti það svigrúm sem honum hafi verið veitt.

HS Veitur kveða kæranda ítrekað rugla saman raforkusölu annars vegar og flutningi og dreifingu hins vegar. Tilvísanir kæranda til ákvæða reglugerðar nr. 1150/2019, standist t.d. ekki skoðun. Í 10. gr. sé fjallað um raforkusölusamninga sem viðskiptavinir geri við söluaðila á samkeppnismarkaði en ekki tengisamninga. Í 11. gr. sé fjallað um raforkuafhendingu og viðbrögð við vanskilum og þar með að söluaðili get rift raforkusölusamningi, en slíkt eigi eðli málsins samkvæmt ekki við um tengisamninga. Ekki sé ágreiningur um tengiskyldu flutningsfyrirtækisins eða dreifiveitu við þá viðskiptavini sem eftir því óski, þótt tiltekin atvik geti leitt til þess að tengingu sé hafnað eða hún frestist um tiltekin tíma. Þegar sótt sé um tengingu við dreifikerfið þurfi að ganga frá sérstökum samningi þar sem kveðið sé á um greiðslu tengigjalda og þar með um greiðslu á þeim kostnaði sem til falli við að koma tengingunni á. Tengingin sjálf sé eign dreifiveitunnar en ekki þess viðskiptavinar sem óski eftir tengingunni.

Fullyrðingar kæranda um að dreifiveita og eftir atvikum flutningsfyrirtæki hafi sömu riftunarheimildir og sölufyrirtæki séu villandi og rangar enda gildi allt aðrar reglur um sérleyfisstarfsemi en sölufyrirtæki á markaði. Jarðstrengurinn sem liggir frá tengivirki Landsnets í Hamranesi við starfsstöð kæranda við Hringhellu sé eign kæranda og sé ekki hluti af dreifkerfi HS Veitna og samkomulag um að tengja þann enda sem sé í tengivirkinu við rofa sem HS Veitur leigi af Landsneti feli ekki í sér tengisamning í skilningi raforkulaga. Í raforkulögum sé fjallað um tengiskyldu flutningsfyrirtækisins og dreifiveitna og samkvæmt lögunum og reglugerðum settum samkvæmt þeim þurfi að gangi frá samningi um tenginguna. Enginn vafi sé á því að samningur Landsnets og HS Veitna og samkomulag HS Veitna og kæranda, snúi að afmörkuðum þáttum vegna ágreinings sem lokið hafi með dómi Hæstaréttar. Ljóst hafi verið við gerð samningsins og samkomulagsins að þau hafi ekki getað gilt til frambúðar.

HS Veitur kveða kæranda segja ósatt um að honum hafi ekki verið kunnugt um uppsagnarákvæði samnings Landsnets og HS Veitna enda hafi verið farið yfir samninginn með kæranda og sérstaklega fjallað um það í samningi HS Veitna og kæranda sem kærandi hafi staðfest athugasemdalaust með undirritun á samkomulagið.

Tekið sé fram í samkomulagi HS Veitna og kæranda að ágreining vegna þess skuli reka fyrir Héraðsdómi Reykjaness. Þegar af þessari ástæðu eigi að vísa málinu frá nefndinni.

Með umsókn um tengingu við dreifikerfið þurfi umsækjendur að skilgreina þarfir sínar fyrir áætlað orku magn sem heimtaugin þurfi að bera og það afl og þá eftir atvikum álagstoppa sem starfsemin geti valdið í dreifikerfinu. Það hafi legið fyrir frá dómi Hæstaréttar að niðurstaða hans hefði í för með sér kostnað hjá kæranda með því að ólögmæta tengingu við flutningskerfið þurfi að leggja af og sækja þurfi um tengingu við dreifikerfi HS Veitna. Kæranda sé ljóst að

búnaður hans uppfylli ekki þær kröfur sem gerðar séu til viðskiptavina dreifiveitna og þeir þurfi allir að uppfylla.

Kærandi segi að samkomulagið frá 2019 hafi verið ákvörðunarástæða þess að hann hafi fallist á að búnaður í hans eigu yrði fjarlægður úr Hamranesi. Kærandi nefnir ekki að sú staða hafi verið tilkomin vegna dóms Hæstaréttar og þar með að rjúfa yrði tengingu kæranda við flutningskerfið. Til þess að liðka fyrir úrlausn málsins og komast hjá frekari ágreiningi vegna þess, hafi HS Veitur og Landsnet fallist á að kosta þær breytingar sem þurft hafi að gera í tengivirkinu Hamranesi.

Varðandi málsástæður og lagarök kæranda vegna uppsagnar HS Veitna á samningi frá 18. september 2019

HS Veitur hafna því að uppsögn á samkomulagi aðila hafi verið uppsögn á tengisamningi eins og rakið hafi verið hér að framan. Í raun sé samningur HS Veitna og Landsnets hluti af samkomulagi kæranda og HS Veitna enda vísað beint til hans.

Af hálfu kæranda sé því haldið fram að Landsnet og HS Veitur hafi sameiginlega beitt stöðu sinni sem sérleyfishöfum til flutnings og dreifingar til þess að knýja kæranda til að fjarlægja tengibúnað sinn í Hamranesi. Hið rétt sé að sú staða sem aðilar hafi sameiginlega verið að leysa úr hafi verið tilkomin vegna ólögsmæts ástands sem snúið hafi að kæranda og staðfest hafi verið í niðurstöðu Hæstaréttar. Í dómnum sé einnig rakið að sú staða sem síðan sé komin upp sé á áhættu kæranda en ekki þeirra sem nú reki flutningskerfið og dreifikerfið. Jarðstrengur kæranda sé ekki hluti af dreifikerfi HS Veitna og hafi ekki getað orðið það með samkomulaginu við HS Veitur árið 2019. Til þess hafi þurft að ganga frá sérstöku samkomulagi um það.

HS Veitur hafna kröfum kæranda um að úrskurðarnefnd ógildi uppsagnir á samningi milli Landsnets og HS Veitna og samkomulagi milli HS Veitna og kæranda. Skýrt sé kveðið á um það í samkomulaginu að mál sem kunni að rísa vegna þess skuli reka fyrir héraðsdómi.

Engin lagarök standi að mati HS Veitna til þess að hægt sé að gera kröfu um að HS Veitur beri kaupskyldu á búnaði kæranda. Hvorki sé í raforkulögum ákvæði um þessa skyldi né sé hægt að leiða hana af sérleyfi því sem HS Veitur hafi í Hafnarfirði til reksturs dreifikerfis. Í dómi Hæstaréttar sé fjallað um lagaskilareglur að þessu leyti. HS Veitur hafni því að hafa kaupskyldu á búnaði í eigu kæranda.

2.

Athugasemdir Landsnets bárust þann 12. febrúar 2025, en þar koma fram efnislegar athugasemdir Landsnets. Ekki er sérstaklega fjallað um þær kröfur sem kærandi geri gagnvart HS Veitum. Landsnet krefst þess að öllum kröfum kæranda verði hafnað og hin kærða ákvörðun staðfest.

Landsnet byggir á því að félagið eigi skýra aðild að málinu þar sem það eigi beinna, verulegra, sérstakra og lögvarinna hagsmuna að gæta af úrlausn málsins. Aðild hafi verið túlkuð rúmt í stjórnsýslumálum í því skyni að tryggja að þeir sem hagsmuni hafi af úrlausn máls teljist aðilar að því.

Landsnet kveður mál þetta snúast um að kærandi hafi um langt árabíl ekki uppfyllt þau skilyrði sem lögbundin séu til að verða eða vera viðskiptavinur Landsnets þar sem hann uppfylli ekki viðmið til að teljast stórnotandi. Því sé Landsneti óheimilt að flytja raforku til kæranda. Þá hafi þeirri ábendingu margoft verið beint að HS Veitum og kæranda að semja um framtíðarfyrirkomulag raforkuafhendingar og hafi verið veitt ráðrúm til að gera ráðstafanir til að koma raforkudreifingu til kæranda í varanlegt horf. Þátttaka Landsnets í ráðstöfunum vegna breytinga á tengingu kæranda hafi í öllum tilfellum verið tímabundnar bráðabirgðalausnir sem

ætlað hafi verið að brúa bilið þar til varanlegri tengingu yrði komið á við dreifiveitu. Landsnet kveður því tengingu kæranda við raforkukerfið alfarið vera mál hans og HS Veitna.

Landsnet áréttar að kærandi sé ekki aðili að samningi Landsnets og HS Veitna. Því sé lagt fyrir úrskurðarnefnd að meta hvort kærandi teljist eiga stjórnsýsluáðild hvað varði þann samning og uppsögn hans.

Hlutverk Landsnets sé að annast flutning raforku og kerfisstjórnun samkvæmt raforkulögum. Flutningsfyrirtækinu, þ.e. Landsneti, beri að flytja raforku frá virkjunum til dreifiveitna og stórnotenda, en í lögunum sé flutningskerfið skilgreint sem raflínur og mannvirki þeim tengd sem séu nauðsynleg til að flytja raforku frá virkjunum til stórnotenda og dreifiveitna. Af skilgreiningum raforkulaga á flutningskerfi og dreifikerfi sé ljóst að búnaður vegna tengingar kæranda við raforkukerfið teljist dreifikerfi og sé því Landsneti sem flutningsfyrirtæki óviðkomandi.

Samkvæmt raforkulögum sé stórnotandi notandi sem noti innan þriggja ára á einum stað a.m.k. 80 GWst á ári. Raforkunotkun kæranda hafi um langa hríð verið langt undir slíkri notkun. Fyrir liggi að kærandi sé hvorki dreifiveita né stórnotandi og því ekki í hlutverki Landsnets að flytja raforku beint til kæranda, frekar en annarra almennra notenda. Þannig sé Landsneti óheimilt lögum samkvæmt að tengja kæranda við flutningskerfi raforku, nema þröngar undantekningar eigi við en svo sé ekki raunin í máli þessu. Tenging notanda sem ekki uppfylla það að vera stórnotendur sé á ábyrgð viðkomandi dreifiveitu en dreifiveitur hafi einkarétt til dreifingar hver á sínu dreifiveitusvæði.

Ef viðskiptavinir Landsnets uppfylli ekki skilyrði til að vera stórnotandi þá skulu hinir sömu flytjast til dreifiveitu að undangenginni beiðni þar að lútandi og að uppfylltum lögbundum skilyrðum.

Samningur Landsnets og HS Veitna frá 18. september 2019, hafi haft að geyma uppsagnarákvæði og hafi samningum verið sagt upp í samræmi við það. Uppsögnin hafi því að mati Landsnets verið lögmæt og óháð því hver gildistími samningsins hafi verið að öðru leyti.

Tilvísun kæranda til lögbundinna skyldna sem hvíli á HS Veitum varði á engan hátt samning Landsnets við HS Veitur eða mögulegar skyldur Landsnets á þeim grundvelli. Aðveitustöð HS Veitna í Hamranesi hafi verið tengd við flutningskerfi Landsnets og allir almennir notendur á svæðinu eigi því að geta tengst við dreifiveitu með sama hætti og almennt gerist. Hafi kæranda gefist rífllegt svigrúm til að koma á varanlegri tengingu við dreifiveitu frá því að Hæstiréttur hafi hafnað kröfu um að ógilda úrskurð úrskurðarnefndar raforkumála í máli nr. 2/2012.

Með vísan til ofangreinds og þess sem áður hafi komið fram hjá Landsneti í málinu þá hafi Landsneti bæði verið heimilt og skylt að segja upp samningi við HS Veitur frá 18. september 2019. Sjónarmið kæranda um ætlaða kaupskyldu Landsnets og/eða HS Veitna á tengibúnaði kæranda eigi sé enga stoð í lögum eða öðrum heimildum.

Landsnet geri þá kröfu að hin kærða ákvörðun verði staðfest og öllum kröfum kæranda hafnað.

Umsagnir HS Veitna og Landsnets voru sendar kæranda og ROE til upplýsinga þann 11. mars 2025.

VII. Niðurstaða úrskurðarnefndar raforkumála

1. Almenn

Í máli þessu er deilt um hvort uppsagnir tveggja samninga hafi brotið í bága við raforkulög. Umræddir samningar voru gerðir vegna tengingar kæranda við dreifikerfi HS Veitna með aðkomu Landsnets. Samningi Landsnets og HS Veitna um leigu á búnaði vegna raforkuafhendingar var sagt upp þann 31. ágúst 2023. Þann 22. september 2023, tilkynntu HS

Veitur kæranda um uppsögn á samkomulagi um tengingu stáltætara við dreifikerfi HS Veitna. Með hinni kærðu ákvörðun var komist að þeirri niðurstöðu að uppsagnirnar hefðu ekki brotið í bága við raforkulög.

Kærandi krefst þess að hin kærða ákvörðun verði ógilt og lagt fyrir Landsnet og HS Veitur að selja kæranda rafmagn með sömu kjörum og fram hafi komið í þeim samningum sem sagt hafi verið upp, allt þar til HS Veitur geti afhent kæranda rafmagn við lóðamörk starfssvæðis hans. Einnig krefst kærandi þess að Landsnet kaupi tengibúnað hans og HS Veitur kaupi jarðstreng hans frá lóðamörkum að tengivirkinu Hamranesi.

ROE krefst þess að hin kærða ákvörðun verði staðfest. Kærandi hafi ekki lagt fram upplýsingar eða málsástæður sem gefi tilefni til að endurskoða hina kærðu ákvörðun.

HS Veitur benda á að í samkomulagi HS Veitna og kæranda sé tekið fram að ágreining skuli reka fyrir héraðsdómi og því beri að vísa málinu frá nefndinni. Hvað efnisatriði varði þá hafni HS Veitur kröfum kæranda um að úrskurðarnefnd ógildi uppsagnir á umræddum samningum. Einnig telja HS Veitur engin lagarök standa til þess að kaupskylda hvíli á HS Veitum á búnaði kæranda.

Landsnet telur kæranda ekki vera aðila að samningi Landsnets og HS Veitna og því ekki eiga stjórnýsluaðild vegna uppsagnar hans. Krafa kæranda um kaupskyldu Landsnets á tengibúnaði eigi sér enga stoð í lögum. Landsnet geri þá kröfu að hin kærða ákvörðun verði staðfest og kröfum kæranda hafnað.

Samhengisins vegna er rétt að byrja á því að fara stuttlega yfir úrskurð nefndarinnar nr. 2/2012, dóm Hæstaréttar nr. 655/2016, svo og að rekja efni ákvæða raforkulaga og reglugerða sem aðilar hafa vísað til máli sínu til stuðnings.

2. Úrskurður úrskurðarnefndar nr. 2/2012 og dómur Hæstaréttar nr. 655/2016

Úrskurður úrskurðarnefndar

Úrskurðarnefnd raforkumála kvað þann 29. ágúst 2012, upp úrskurð nr. 2/2012, vegna stöðvunar orkuafhendingar til Furu ehf. (kæranda). Í hinni kærðu ákvörðun fór Orkustofnun fram á að Landsnet léti af milliliðalausri raforkuafhendingu til kæranda. Í kæru kom fram að vegna þessara raforkukaupa hafi kærandi fjárfest í rafmagnsstrengjum ásamt spennum og öðrum nauðsynlegum búnaði til að flytja rafmagnið frá spennustöð Landsvirkjunar (síðar Landsnets) að starfsstöð sinni. Kærandi og Landsvirkjun hafi gert með sér nýjan samning þann 25. janúar 1993, um afhendingu raforku frá Landsvirkjun til kæranda og skyldi afhendingarstaður vera við Hamranes. Rekstur kæranda hafi orðið umfangsminni en sá sem áformaður hafi verið. Óumdeilt hafi verið að rafmagnskaup kæranda væru ekki af þeirri stærð að hann félli undir að vera stórnotandi. Í bréfi Orkustofnunar til Landsnets og Hitaveitu Suðurnesja kom fram að athygli Orkustofnunar hafi verið vakin á því að Landsnet afhenti kæranda rafmagn en hann væri á dreifiveitusvæði Hitaveitu Suðurnesja (nú HS Veitna). Í umsögn Orkustofnunar til úrskurðarnefndar kom fram að þegar raforkulög hafi komið til framkvæmda í júlí 2003, hafi kæranda mátt vera ljóst að endurskoða þyrfti samning hans við Landsnet um raforkudreifingu en á grundvelli þess samnings hafi kærandi notið annarra og betri kjara á raforkukaupum en aðrir iðnrekendur sem ekki uppfylli skilyrði laganna um stórnotendur. Í niðurstöðu úrskurðarnefndar kemur fram að hin kærða ákvörðun hafi leitt til þess að raforkusölu Landsnets og raforkukaup kæranda væri ekki lengur hægt að byggja á samningi aðila og missti kærandi því það hagræði sem hann hafði af raforkukaupum samkvæmt samningnum og verði nú að kaupa raforku af HS Veitum væntanlega gegn hærri verði eftir því sem ráðið verði af gögnum málsins. Auk þess verði að skilja málatilbúnað kæranda svo að

spennistöð sem sé í hans eigu og hafi verið notuð við raforkukaup hans hjá Landsneti verði verðlítill eða verðlaus. Einnig segir að enda þótt kærandi hafi verið talinn vera aðili að því kærumáli sem sé til meðferðar breyti það ekki þeirri staðreynd að hin kærða ákvörðun hafi beinst gegn Landsneti enda þótt hún hafi haft í för með sér réttaráhrif er varðað hafi kæranda. Landsnet hafi óskað eftir lengri fresti til að hætta raforkusölunni og hafi Orkustofnun framlengt frestinn. Úrskurðarnefndin tók ekki afstöðu til hvort kærandi ætti rétt til skaðabóta vegna missis réttinda sem hann hafi talið sig hafa orðið fyrir við setningu raforkulaga. Úrskurðarnefnd staðfesti niðurstöðu hinnar kærðu ákvörðun að öðru leyti en því að þar sem Landsnet hafði tekið fyrir raforkusölu til kæranda voru dagsektir felldar úr gildi.

Dómur Hæstaréttar

Í dómi Hæstaréttar í máli nr. 655/2016, frá 30. nóvember 2017, var deilt um rétt kæranda til afhendingar á rafmagni á grundvelli samnings við Landsvirkjun. Landsneti hafði verið gert að láta af raforkuafhendingu til kæranda og var sú ákvörðun Orkustofnunar staðfest með úrskurði úrskurðarnefndar raforkumála nr. 2/2012. Gerði kærandi aðallega kröfu um að úrskurðurinn yrði felldur úr gildi en til vara viðurkenningar á að hann ætti rétt á afhendingu raforku í samræmi við samning hans við Landsvirkjun. Byggði kærandi á því að breytingar á raforkulögum yrðu ekki látnar taka til samningssambands hans við Landsnet, sem stofnað hefði verði til fyrir gildistöku laganna. Í dómi sínum tók Hæstiréttur fram að sé ekki í lögum kveðið á um lagaskil gildi sú meginregla að nýjum lögum verði beitt um lögskipti sem undir þau falla þótt til þeirra hafi verið stofnað fyrir gildistöku laganna, enda ráðist réttarstaða manna af lögum eins og séu hverju sinni. Benti Hæstiréttur á að kærandi hefði ekki getað treyst því að réttindin sem honum hafi verið tryggð með samningnum myndu haldast óbreytt til framtíðar. Væri því ekki hægt að fallast á að lagabreytingarnar hefðu falið í sér íþyngjandi afturvirka lagasetningu sem færi í bága við stjórnarskrárvarin réttindi kæranda.

Í dómnum kemur einnig fram að Landsnet hafi látið af milliliðalausri raforkuafhendingu til kæranda þann 14. september 2011 og daginn eftir hafi kærandi gert tímabundinn samning við HS Veitur um leigu á tengibúnaði og raforkuafhendingu.

Í dómi héraðsdóms Reykjavíkur, dags. 23. júní 2016, var þess krafist að úrskurður úrskurðarnefndar raforkumála verði felldur úr gildi. Í málsatvikalýsingu kemur fram að hinn 15. september 2011, hafi kærandi og HS Veitur gert með sér samning um að HS Veitur leigðu rafmagnsbúnað af kæranda, sem tengdist flutningskerfi Landsnets. Samkvæmt 14. gr. samningsins skyldi hann gilda til 31. desember 2013, en þá skyldi samningurinn framlengjast að þeim tíma loknum þar til fengin væri niðurstaða í réttarágreining aðila, þ.á.m. varðandi ákvörðun Orkustofnunar, enda hafi Landsnet samþykkt það. Ekki hafi náðst lausn í ágreiningi aðila. Eins og fyrr greini hafi kærandi og HS Veitur gert með sér leigusamning, dags. 15. september 2011, um að HS Veitur leigðu rafmagnsbúnað í eigu kæranda í því augnamiði að Landsnet gæti haldið áfram milliliðalausri raforkuafhendingu til kæranda þar til leyst hefði verið úr réttarágreiningi aðila. Nú hafi Landsnet tilkynnt kæranda að það muni 1. janúar 2015, rjúfa afhendingu raforku til kæranda gegnum rafmagnsbúnað hans, í samræmi við ákvörðun Orkustofnunar og úrskurð úrskurðarnefndar. Í máli Orkustofnunar hafi komið fram að þrátt fyrir að það sé ekki beint hlutverk raforkulaga að vernda samkeppni á öðrum mörkuðum en þeim er lúta að raforku, þá sé að mati Orkustofnunar eðlilegt að líta til þess hvort beinar tengingar einstakra aðila að flutningskerfi Landsnets raski samkeppni á tilteknum markaði. Að mati Orkustofnunar sé það óumdeilt að bein tenging notanda inn á flutningskerfi Landsnets feli í sér lægri flutningskostnað rafmagns en tenging í gegnum dreifiveitu. Raforkulög setji mjög skýrar skorður við því hverjum sé heimilt að tengjast beint inn á flutningskerfið Landsnets. Með því að heimila einum aðila slíka beina tengingu en ekki öðrum á sama markaði, sé verið að veita honum ákveðið samkeppnislegt forskot í formi lægri flutningskostnaðar raforku. Í niðurstöðu héraðsdóms kemur fram að í 24. gr. raforkulaga sé kveðið á um að Orkustofnun skuli hafa

eftirlit með því að fyrirtæki sem starfi samkvæmt lögnum fullnægi þeim skilyrðum sem um starfsemiina gilda samkvæmt lögum, reglugerðum settum samkvæmt þeim, samningi skv. 8. gr. og öðrum heimildum. Í 26. gr. laganna sé mælt fyrir um úrræði Orkustofnunar ef hún telji að eftirlitsskyld starfsemi samræmist ekki skilyrðum laganna. Eftirlit Orkustofnunar taki til fyrirtækja sem framleiði og dreifi raforku. Orkustofnun hafi því verið að fara að lögum er hún tilkynnti aðilum þann 24. febrúar 2010, að Landsnet léti af milliliðalausri raforkuafhendingu til kæranda. Telja verði að ákvörðun Orkustofnunar hafi stefnt að lögmætu markmiði sem sé að raforkudreifing væri í samræmi við það sem mælt sé fyrir um í 2. mgr. 8. gr. raforkulaga. Með setningu laga nr. 89/2004, hafi löggjafinn ákveðið, með tilliti til almannahagsmuna, að breyta þeirri tilhögun sem verið hafði varðandi það hverjir væru skilgreindir notendur raforku sem mættu kaupa hana beint af Landsneti. Lögin voru almenns eðlis og gættu jafnræðis. Kærandi þurfi því að sæta því að hin nýju lög taki til réttarstöðu hans og þau hafi í för með sér breytingu á fyrirkomulagi raforkusölu til hans í samræmi við þau lög sem í gildi voru á þeim tíma sem samningurinn hafi verið gerður. Kæranda hafi mátt vera ljóst eftir að raforkulög nr. 65/2003, hafi komið til framkvæmda í júlí 2003, að samningurinn væri ósamrýmanlegur ákvæðum 2. mgr. 8. gr. laganna. Þá hafi komið fram í nýjum almennum skilmálum Landsnets að uppfylli stórnotandi ekki skilyrði raforkulaga um notkun og nýtingartíma á einum stað beri honum að flytja viðskipti sín til dreifiveitu innan mánaðar, og hefði það átt að gera kæranda ljóst að forsendur samningsins væru brostnar.

3. Lagaumhverfi

Raforkulög

Ákvæði 1. gr. raforkulaga kveður á um að markmið laganna sé að stuðla að þjóðhagslegu raforkukerfi og efla þannig atvinnulíf og byggð í landinu. Í því skyni skal m.a. skapa forsendur fyrir samkeppni í vinnslu og viðskiptum með raforku með þeim takmörkunum sem nauðsynlegar reynast vegna öryggis raforkuafhendingar og annarra almannahagsmuna.

Raforkueftirlitið fer með framkvæmd og eftirlit samkvæmt ákvæðum III., IV., V. og VI. kafla.

Raforkueftirlitið skal hafa samráð við Samkeppniseftirlitið um eftirlit með starfsemi og gjaldskrá flutningsfyrirtækisins og dreifiveitna eftir því sem við á, sbr. 2. mgr. 3. gr. b laganna.

Í III. kafla raforkulaga er fjallað um flutning. Eitt fyrirtæki skal annast flutning raforku og kerfisstjórnun samkvæmt ákvæðum kaflans. Viðskiptavinir flutningsfyrirtækisins skulu vera dreifiveitur, stórnotendur, virkjanir og þeir aðilar sem leyfi hafa samkvæmt raforkulögum til að stunda viðskipti með raforku, sbr. 2. mgr. 8. gr. laganna. Í 1. tl. 3. mgr. 9. gr. kemur fram að í rekstri flutningskerfisins felist m.a. að tengja alla þá sem eftir því sækist við flutningskerfið enda uppfylli þeir tæknileg skilyrði fyrir því og greiði tengigjald samkvæmt ákvæðum í gjaldskrá.

Í IV. kafla laganna er fjallað um dreifingu. Leyfi Raforkueftirlitsins þarf til að reisa og reka dreifikerfi á tilteknu dreifiveitusvæði og til að hætta slíkum rekstri. Í leyfinu felst einkaréttur og skylda til dreifingar á viðkomandi svæði. Þó er flutningsfyrirtæki heimilt að flytja/dreifa rafmagn á sérleyfissvæði dreifiveitu til stórnotenda sem fá raforku afhenta á lægri spennu en 132 kV., sbr. 1. mgr. 13. gr. laganna.

Um starfsemi og skyldur dreifiveitu er fjallað í 16. gr. laganna. Dreifiveita annast dreifingu raforku og kerfisstjórnun á dreifiveitusvæði sínu. Hún skal viðhalda, endurbæta og byggja dreifikerfið upp á hagkvæman hátt að teknu tilliti til öryggis, skilvirkni, áreiðanleika afhendingar og gæða raforku, sbr. 1. mgr. 16. gr. Dreifiveitu er m.a. skylt að tengja alla sem eftir því sækjast við dreifikerfið, enda uppfylli þeir tæknileg skilyrði fyrir því og greiði tengigjald sem skal tilgreint í gjaldskrá. Þó er heimilt að synja nýjum aðilum um aðgang að kerfinu á grundvelli sjónarmiða um flutningsgetu, öryggi og gæði kerfisins. Synjunin skal vera

skrifleg og rökstudd. Dreifiveitu er einnig skylt að gæta jafnræðis við starfrækslu sína og trúnaðar um upplýsingar, sbr. 1. tl. og 7. tl. 3. mgr. 16. gr. laganna.

Ákvæði 17. gr. a fjallar um gjaldskrá dreifiveitu. Hver dreifiveita skal setja gjaldskrá vegna þjónustu sinnar í samræmi við tekjumörk skv. 17. gr. Sama gjaldskrá skal gilda á veitusvæði hvernar dreifiveitu fyrir úttekt á lágspennu, þ.e. 230-400 V spennu, sbr. 1. mgr. ákvæðisins. Standi væntanlegar tekjur dreifiveitu ekki undir eðlilegum stofn- og rekstrarkostnaði vegna tengingar notanda samkvæmt gjaldskrá er heimilt að krefja hann um greiðslu gjalds sem nemur viðbótarkostnaði, sbr. 4. mgr. ákvæðisins.

Um eftirlit Orkustofnunar og Raforkueftirlitsins er fjallað í 24. gr. laganna. Hafa skal eftirlit með því að fyrirtæki sem starfa samkvæmt lögum þessum fullnægi þeim skilyrðum sem um starfsemina gilda samkvæmt lögum þessum, reglugerðum settum samkvæmt þeim og öðrum heimildum, sbr. 2. mgr. 24. gr. laganna.

Ákvæði 26. gr. fela í sér úrræði eftirlitsaðila.

Reglugerð nr. 1040/2005, um framkvæmd raforkulaga tekur til vinnslu, flutnings, dreifingar og viðskipta með raforku. Í III. kafla er fjallað um flutning og kerfisstjórnun. Flutningsfyrirtækið skal byggja upp flutningskerfið á hagkvæman hátt að teknu tilliti til öryggis, skilvirkni, áreiðanleika afhendingar og gæða raforku. Í rekstri flutningskerfis felst m.a. að tengja alla sem eftir því sækjast við flutningskerfið, enda uppfylli þeir tæknileg skilyrði fyrir því sem nánar eru tilgreind í samningi flutningsfyrirtækisins um tengingu við flutningskerfið og greiði tengigjald samkvæmt ákvæðum í gjaldskrá flutningsfyrirtækisins, sbr. 1. tl. 11. gr. Um dreifingu er fjallað í IV. kafla reglugerðarinnar. Í sérleyfi felst einkaréttur og skylda til dreifingar raforku á viðkomandi svæði, sbr. 2. mgr. 18. gr. Í 23. gr. er fjallað um starfsemi og skyldur dreifiveitna. Dreifiveitu er m.a. skylt að tengja alla sem eftir því sækjast við dreifikerfið að uppfylltum nánar tilgreindum skilyrðum. Þeir sem óska tengingar skulu greiða tengigjald sem skal tilgreint í gjaldskrá dreifiveitu.

Reglugerð nr. 1150/2019, um raforkuviðskipti og mælingar, tekur til raforkuviðskipta, þar sem hlutverki, réttindum og skyldum þeirra sem stunda viðskipti með raforku er lýst. III. kafla fjallar um raforkuviðskipti. Í 11. gr. kemur fram að sölufyrirtæki geti farið fram á við dreifiveitu að raforkuafhending til almenns notanda sé stöðvuð, ef um vanskil er að ræða af hálfu notanda sem hann er í viðskiptum við. Dreifiveita ein hefur heimild til að stöðva raforkuafhendingu að húsi eða íbúð almenns notanda sem vanrækir að greiða reikning fyrir, sölu, flutning og dreifingu, eða uppfylla skyldur sínar samkvæmt reglugerð þessari.

1.

Kærandi rekur málmendurvinnslu og fékk fyrir gildistöku raforkulaga 1. júlí 2003, bæði afhenta raforku og flutning á henni beint af Landsvirkjun, í gegnum rafmagnsbúnað í eigu kæranda. Við gildistöku raforkulaga nr. 65/2003 og stofnun Landsnets fluttust skyldur Landsvirkjunar hvað snerti flutning á raforku yfir til Landsnets. Viðskiptavinir Landsnet skyldu vera dreifiveitur og stórnotendur. Var Landsvirkjun því óheimilt frá gildistöku laganna að afhenda kæranda rafmagn bein í gegnum flutningskerfi Landsnets án milligöngu dreifiveitu. Til að tryggja kæranda áframhaldandi raforku var árið 2011 gerður samningur milli Landsnets og HS Veitna um að HS Veitur leigðu rafmagnsdreifikerfi kæranda sem tengdist flutningskerfi Landsnets. Gildistími samningsins skyldi framlengjast þar til niðurstaða væri fengin í réttarágreiningu aðila. Með dómi Hæstaréttar nr. 655/2016 var staðfest að afhending Landsnets á raforku til kæranda var ekki í samræmi við raforkulög þar sem kærandi uppfyllti ekki skilyrði laganna til að vera viðskiptavinur Landsnets.

Þeir samningar og samkomulag sem ágreiningur þessa máls snýst um voru gerðir árið 2019, en þá lá fyrir að kærandi gæti ekki fengið raforku afhenta beint frá Landsneti.

Samningar Landsnets og HS Veitna voru annars vegar um kostnaðarskiptingu vegna aftengingar kæranda frá flutningskerfinu og færslu yfir á dreifiveitu og hins vegar leigu HS Veitna á búnaði Landsnets vegna raforkuafhendingar. Samningurinn um kostnaðarskiptingu náði yfir kostnaðarskiptingu verkefnis við að aftengja kæranda frá núverandi tengistað og tengja við 11 kV rofa í Hamranesi og var áætlað að verkefnið hæfist 15. september 2019 og yrði lokið 1. október 2019. Samningurinn tók gildi við undirritun með þeim fyrirvara að HS Veitur næðu samkomulagi við kæranda um viðskipti og tengingu áður en framkvæmdir við verkið hæfust. Samningurinn skyldi gilda þar til framkvæmdum við færslu tengingar kæranda í gegnum 11 kV rofa í Hamranesi væri lokið og búið væri að skipta kostnaði. Með samningi Landsnets og HS Veitna um leigu á búnaði, tóku HS Veitur á leigu búnað sem nánar var skilgreindur í viðauka 1 við samninginn, til raforkuafhendingar og var í eigu Landsnets í húsnæði Landsnets. Samningurinn var uppsegjanlegur með 18 mánaða fyrirvara.

Samkomulag HS Veitna og kæranda fól í sér tengingu stáltætara kæranda við dreifikerfi HS Veitna. Þar kemur fram að aðilar séu sammála um að leggja af tengingu á 132 kV og að notkun kæranda tengist þess í stað við 11 kV rofa sem HS Veitur leigi af Landsneti í Hamranesi. HS Veitur muni framlengja 22 kV strengi að rofa sem HS Veitur leigi af Landsneti og muni þeir strengir vera reknir á 11kV. Kærandi muni jafnframt aftengja 22/11 kV spennni sinn að Hringhellu og tengja búnaðinn beint á 11kV. Jafnframt kemur fram í samkomulaginu að ráðast þurfi í framkvæmdir, bæði í Hamranesi og á Hringhellur og sé áætlaður kostnaður um 8,9 m.kr. með vsk og muni HS Veitur og Landsnet greiða þann kostnað til helminga. Loks segir að kæranda hafi verið til upplýsinga kynnt drög að samningum milli HS Veitna og Landsnets sem varði tengingu kæranda við raforkukerfið.

Ágreiningur máls þessa snýr að uppsögn annars vegar Landsnets á samningi við HS Veitur um leigu á búnaði vegna raforkuafhendingar í Hamranesi og hins vegar uppsögn HS Veitna á samkomulagi við kæranda um tengingu stáltætara kæranda við dreifikerfi HS Veitna. Þá gerir kærandi þá kröfu að HS Veitur og Landsnet selji kæranda rafmagn á sömu kjörum og kveðið er á um í samningunum frá 18. september 2019 uns HS Veitur geti afhent rafmagn við lóðarmörk á starfssvæði kæranda þar til HS Veitur geti afhent honum rafmagn við lóðarmörk á starfsstöð hans.

Nefndin lítur svo á að þó að kærandi sé ekki aðili að samningi Landsnets og HS Veitna varði samningurinn beina og lögvarða hagsmuni hans enda forsenda fyrir samningi HS Veitna og kæranda.

Fyrir liggur að núverandi tenging kæranda um jarðstreng í hans eigu um rofa sem HS Veitur leigja af Landsneti felur í sér tengingu við flutningskerfi Landsnets. Kærandi uppfyllir hins vegar ekki lagaskilyrði fyrir því að tengjast inn á flutningskerfi Landsnets og ber því að tengjast dreifiveitu sem almennur notandi. Á HS Veitum hvílir tengiskylda ef kærandi sendir þeim umsókn þess efnis, uppfyllir tæknileg skilyrði og greiðir tengigjald, sbr. 1. tl. 3. mgr. 16. gr. raforkulaga.


Af efni samninga þeirra sem ágreiningur máls þessa varðar, og fólgu í sér tengingu kæranda við HS Veitur með aðkomu Landsnets, verður ekki annað ráðið en að þeir hafi falið í sér bráðabirgðafyrirkomulag. Þessi skilningur er ennfremur staðfestur í dómi Hæstaréttar nr. 655/2016, þar sem segir að kærandi hafi ekki getað treyst því að réttindin sem honum hafi verið tryggð með þeim samningnum sem þá voru til umfjöllunar myndu haldast óbreytt til framtíðar. Kæranda mátti hins vegar vera ljóst, eins og fram kemur í tilvitnuðum dómi Hæstaréttar, að um tímabundið fyrirkomulag var að ræða. Verður af þeim sökum ekki séð að uppsagnir á umræddum samningum stangist á við raforkulög.

Að því er varðar kröfur kæranda sem lúta að kaupskyldu Landsnets og/eða HS Veitna á tengibúnaði og jarðstreng í eigu hans, telur nefndin að þess háttar kröfur falli hvorki undir lögbundnar skyldur HS Veitna né Landsnets skv. raforkulögum. Því brestur lagaheimild fyrir því að verða við þessum kröfum kæranda.

Að sama skapi telur nefndin að ekki sé fyrir hendi heimild í raforkulögum til að verða við kröfu kæranda um að Landsnet og HS Veitur selji honum raforku með þeim kjörum sem kveðið er á um í tilvitnuðum samningum frá 2019. HS Veitum ber lögum samkvæmt að gæta jafnræðis gagnvart öllum viðskiptavinum sínum. Í því felst m.a. að viðskiptavinir HS Veitna noti dreifikerfi þeirra og greiði dreifigjöld samkvæmt gjaldskrá. Á grundvelli þess og með vísan til forsendna og niðurstöðu hinnar kærðu ákvörðunar að öðru leyti, ber að staðfesta hana.

Úrskurðarorð

Hin kærða ákvörðun nr. 3/2024, frá 13. ágúst 2024, vegna uppsagnar á tengisamningum um flutning rafmagns, er staðfest.


Ragnheiður Elfa Þorsteinsdóttir (sign)
formaður



Brynja Ingunn Hafsteinsdóttir (sign)



Ragnar Jóhann Jónsson (sign)